FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
146. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 23. JÚNÍ 2017

# Forræðishyggja að taka seðlana úr umferð

**Seðlabankinn átti ekki fulltrúa í nefnd um að setja skorður við notkun reiðufjár. Samkvæmt lögum hefur bankinn það hlutverk að ákveða hvaða seðlar eru í umferð. Þingmaður gagnrýnir skort á samráði.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn átti ekki fulltrúa í nefnd fjármála- og efnahagsráðherra sem var falið að greina umfang og áhrif skattundanskota og skattsvika á íslenskan þjóðarbúskap.

Á meðal þess sem starfshópnum var falið að skoða var hvaða skorður megi mögulega reisa varðandi notkun reiðufjár, við greiðslu launa og kaup á dýrum hlutum. Starfshópurinn leggur til að tíu þúsund og fimm þúsund króna seðlarnir verði teknir úr umferð til að sporna gegn skattsvikum.

„Mér sýnist fljótt á litið að þetta sé á forræði Seðlabanka Íslands og þarna virðist hafa skort á samráð við bankann áður en þessar tillögur voru kynntar,“ segir Lilja Dögg Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. Samkvæmt lögum um Seðlabankann ákveður ráðherra að fengnum tillögum Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar sem bankinn gefur út.

„Þetta er brjáluð forræðishyggja. Við viljum koma í veg fyrir skattsvik en ég efast um að þetta sé skilvirkasta leiðin til þess. Það eru góðar tillögur þarna sem við styðjum,“ segir Lilja. En það þurfi að grípa til markvissra aðgerða áður en farið verði í það að taka tíu þúsund kallinn úr umferð og síðan fimm þúsund króna seðilinn.

Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, tekur undir með Lilju og segist hafa verulegar efasemdir um þær hugmyndir að setja skorður við reiðufé. „Það er verið að ganga of langt og það er verið að hefta hér athafnafrelsi og viðskiptafrelsi með þeim hætti að ég hygg að það standist ekki almenn lög og stjórnarskrárvarin réttindi,“

> Við viljum koma í veg fyrir skattsvik en ég efast um að þetta sé skilvirkasta leiðin til þess.



Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins

> Það er verið að hefta hér athafnafrelsi og viðskiptafrelsi með þeim hætti að ég hygg að það standist ekki almenn lög.



Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

bætir hann við. Hins vegar segir Óli Björn að það þurfi að herða eftirlit með skattaundanskotum, um það hljóti allir að vera sammála.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, segir það hafa augljósa kosti að draga úr notkun reiðufjár og segir að það myndi draga úr skattaundansvikum. Hins vegar séu líka gallar. Til að það verði raunhæfur kostur að losna alveg við seðla og mynt í umferð þurfi hinir miðlarnir að verða skilvirkari og ódýrari. Þar vísar hann til færslu- og kortagjalda. Hann segir að þetta sé líka spurning um traust á rafræn greiðslukerfi. „Það er eitthvað sem þarf að byggja upp yfir lengri tíma. Það er spurning hvort við erum komin þangað. Það gæti verið eitthvað í land með það,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is



Skógafoss er á rauðum lista Umhverfisstofnunar, sem er gefinn út á tveggja ára fresti. Svæðið hefur látið mikið á sjá vegna fjölgunar ferðamanna. Stýringu ferðamanna er ábótavant og lítil landvarsla. Gróður lætur undan og svæðið veðst út, eins og sjá má á þessari mynd sem ljósmyndari Fréttablaðsins tók síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Farið í alltof mörg dómsmál

**DÓMSMÁL** Nýleg rannsókn leiðir í ljós að einstaklingar sem höfða dómsmál hafa betur í aðeins 45 prósentum tilvika og fá að meðaltali 63 prósent af kröfu sinni dæmd.

Víðir Smári Petersen hæstaréttarlögmaður rannsakaði 386 dóma í einkamálum fyrir Hæstarétti á árunum 2013 og 2014.



Niðurstaðan bendir til þess að líkur séu á því að fólk og fyrirtæki höfði of oft dómsmál í stað þess að reyna að ná sáttum. Hann segir brýnt að lögmenn leggi ískalt mat á það hvorum megin sigurlíkur skjólstæðingsins liggi.

– kij / sjá síðu 8

## 60 prósentum fleiri sendingar

**VERSLUN** Sendingum frá erlendum netverslunum fjölgaði um sextíu prósent á fyrstu fimm mánuðum ársins ef miðað er við sama tímabil í fyrra. Útlit er því fyrir annað metár í ár.

„Við sjáum fyrir okkur áframhaldandi aukningu í náinni framtíð,“ segir Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins, og segir mjög mikið álag á öllum vígstöðvum fyrirtækisins.

Um 85 prósenta aukning var á fjölda rekjanlegra sendinga sem koma að stærstum hluta frá netverslunum í Kína og Evrópu á borð við AliExpress og fataverslunum eins og ASOS og Bohoo. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Pósturinn hefur um sendingar sem berast ríkisfyrirtækinu er langmest keypt af fatnaði.

– hg / sjá síðu 2

## Á um 80 pör af Nike strigaskóm

**LÍFIÐ** Daði Lár Jónsson hefur frá barnæsku haft brennandi áhuga á skóm og í dag safnar hann strigaskóm. Daði, sem á orðið um 80 pör af skóm sem allir eru frá Nike, er mikill prinsippmaður þegar kemur að skókaupum og vandar ávallt valið. Hann hefur það til dæmis fyrir reglu að borga ekki meira en 250 Bandaríkjadali fyrir skópar sem gerir um 26 þúsund íslenskar krónur. Svo tekur hann mið af eigin smekk þegar hann kaupir skó í stað þess að elta tískustrauma í blindni.

– sþh / sjá síðu 32



## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Spjallsíða notuð til að gefa vændiskonum einkunnir. 4

**SKOÐUN** Bergur Ebbi setur spurningarmerki við takmörkun reiðufjár. 17

**SPORT** Lykilmenn íslenska liðsins þurfa að sætta sig við minni spilatíma á EM 2017. 18

**LÍFIÐ** Það er alltaf gaman að horfa á hvernig fólkið er klætt á tískuvikunum. Litagleði ríkti á herratískuvikunni. 30



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● VEIÐIBLAÐIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Stíf norðaustanátt, en hvassviðri eða stormur suðaustantil og mjög hvassar vindhviður við fjöll. Víða dálítil væta, en talsverð eða mikil rigning austan til á landinu.

SJÁ SÍÐU 26



**Össur rennir hýru auga til Reykjanesbæjar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Af þinginu yfir í byggingabransa

**VIÐSKIPTI** Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur fundið sér nýjan starfsvettvang. Þingmaðurinn fyrrverandi hefur stofnað byggingafyrirtæki og horfir meðal annars til Reykjanesbæjar.

Í Lögbirtingablaðinu kemur fram að Össur hafi stofnað DESHÚS byggingafélag ehf. ásamt tveimur öðrum. Össur er skráður bæði sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins. Tilgangur félagsins er almenn byggingastarfsemi og er þar einkum horft til lítilla og meðalstórra íbúða. Með honum að félaginu standa Þórarinn Magnússon, fyrrverandi formaður Verkfræðingafélags Íslands, og Einar Karl Haraldsson.

Í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar kemur fram að Össur hafi sótt um sex lóðir í bæjarfélaginu. Þá hafi hann einnig óskað eftir skipulagsbreytingum fyrir lóðirnar en þær eru sléttu tölurnar í Reynidal 4-14. Afgreiðslu málsins var frestað til næsta fundar þar sem fleiri en einn sækir um lóðirnar. Hlutkesti fer fram á næstunni og verður greint frá því á næsta fundi.

Össur var þingmaður sleitulaust á tímabilinu 1991 til 2016, fyrst fyrir Alþýðuflokkinn en síðar Samfylkinguna. Hann hlaut ekki kjör í kosningunum síðasta haust. Þingmaðurinn fyrrverandi baðst undan viðtali um nýja fyrirtækið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. **– jóe**

# Öðrum tökudegi lokið í Eyjum



**Tökur á kvikmynd Gunnars Helgasonar, Víti í Vestmannaeyjum, eru hafnar. Fyrirhugaðar eru tveggja vikna tökur í Eyjum. „Þetta er búið að ganga eins og í draumi, en draumar eru ekki alltaf góðir,“ segir Gunnar og hlær. „Það var hálfpartinn óveður hér fyrsta daginn. Bragi Þór Hinriksson leikstjóri hélt samt öllu gangandi og við vonum að við þurfum ekki að taka neitt aftur. Vestmannaeyjar eru draumaheimur og allt getur gerst!“** MYND/SAGAFILM

# Engin svör um Robert Downey

**STJÓRNSÝSLA** Sigríður Andersen dómsmálaráðherra hefur farið fram á að skoðað verði í ráðuneytinu hvort mögulegt sé að breyta framkvæmd við veitingu uppreist æru og hvort breyta þurfi lögum vegna þess.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðuneytinu. Á dögunum hlaut Robert Downey, dæmdur kynferðisbrotamaður, uppreist æru og hefur ákvörðunin sætt harðri gagnrýni í samfélaginu.

Fréttablaðið hefur óskað eftir afriti af gögnum um uppreista æru Roberts og afriti af beiðni hans og rökstuðningi fyrir því að hljóta uppreist æru. Fyrirspurninni hefur ekki verið svarað. Í tilkynningu kemur fram það mat ráðuneytisins að slíkar upplýsingar séu undanþegnar upplýsingalögum. **– jhh**

# Netsendingum að utan fjölgaði um 60 prósent

**Pósturinn afgreiddi 60 prósent fleiri sendingar frá erlendum netverslunum á fyrstu fimm mánuðum ársins miðað við í fyrra. Þegar rekjanlegar sendingar frá AliExpress, Asos og fleirum eru skoðaðar nemur aukningin alls 85 prósentum.**

**VERSLUN** Sendingum frá erlendum netverslunum sem fóru í gegnum Íslandspóst fjölgaði um 60 prósent á fyrstu fimm mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Um 85 prósenta aukning var í fjölda rekjanlegra sendinga sem koma að stærstum hluta frá netverslunum í Kína og Evrópu.

„Það er mjög mikið álag á öllum vígstöðvum hjá okkur. Við höfum verið og erum að leita að nýjum leiðum til að mæta þessu og þróast í takt við breytta tíma. Við höfum brugðist við með því að bæta við starfsfólki á öllum vígstöðvum. Svo vinnur starfsfólk okkar lengur bæði á næturnar og um helgar,“ segir Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins.

Að sögn Brynjars eru rekjanlegar sendingar að mestu vörur sem keyptar eru af netverslunum á borð við AliExpress og fataverslunum á borð við ASOS og Boohoo. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Pósturinn hefur um sendingar sem berast ríkisfyrirtækinu er langmest keypt af fatnaði. Útlit er fyrir annað metár í afgreiðslu á vörum frá þessum fyrirtækjum og öðrum sambærilegum.

„Við sjáum fyrir okkur áframhaldandi aukningu í náinni framtíð enda ekki útlit fyrir að þetta breytist á næstunni,“ segir Brynjar.

Árið 2013 tvöfölduðust ábyrgðarsendingar frá útlöndum milli ára eða þegar vinsældir AliExpress náðu fyrst flugi. Pósturinn gefur ekki upp magntölur en segir að heildarmagn þessara sendinga hafi rúmlega sjöfaldast síðan 2012. Viðskiptin í dag séu ekki jafn bundin við kínversku netverslunina. Taka ber fram að önnur flutningsfyrirtæki en Pósturinn senda vörur hingað til lands.

Fréttablaðið greindi í desember í fyrra frá því að sendingum hingað til lands frá erlendum verslunum til einstaklinga hefði fjölgað um 55 prósent á milli ára í nóvember 2015 og nóvember 2016. Þremur mánuðum síðar sagði hagfræðideild Landsbankans frá því að hringingar í þjónustuver Póstsins í júní í fyrra hefðu verið jafnmargar og í desember árið á undan eða í annamesta mánuðinum.

**haraldur@frettabladid.is**




**Rekjanlegar sendingar eru að mestu vörur sem keyptar eru af netverslunum á borð við AliExpress og fataverslunum eins og ASOS.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við höfum brugðist við með því að bæta við starfsfólki á öllum vígstöðvum. Svo vinnur starfsfólk okkar lengur bæði á næturnar og um helgar.**



Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins




RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

# FRÁBÆR TILBOÐ!

GILDIR TIL 25.06 2017*







FRÁBÆRT VERÐ

3.995

**BERGEN SÆNG OG KODDI**
Góð sæng fyllt með 990 gr. af sílikonhúðuðum holtrefjum. Sængin er sikksakksaumuð. Áklæði úr míkrófíber. Þolir þvott við 60°C. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm. Koddi fylling: 500 gr. Vnr. 4040350



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LÖKUM!






FRÁBÆRT VERÐ

1.195

**HALDBAKKEN ÚTILEGUSTÓLL**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman. Fæst í 3 litum.
Vnr. 3781300



3.995

**HOLMDALEN ÚTILEGUSTÓLL**
Lúxus útilegustóll. Hægt að leggja saman. Taska fylgir.
Vnr. 3730700



BORÐ 4.995

STÓLL 4.995

**HOLMEN ÚTILEGUBORÐ OG THORSMINDE SÓLSTÓLL**
Stórt og gott fellliborð í ferðalagið eða garðinn. Hægt að fella alveg saman svo lítið fari fyrir því. Stærð: 61 x 120 sm.
Léttur og þægilegur sólstóll úr áli með sterku netáklæði úr polyesterefni. Hægt er að leggja alveg saman. 5 stillingar á baki.
Vnr. 3775100, 3726142

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

# Sér ekki að innanlandsflug verði flutt úr Vatnsmýri á næstu árum

**SAMGÖNGUR** „Ég hef aldrei sagt að ég vilji absalút hafa innanlandsflugvöllinn í Vatnsmýrinni. Það er bara einhver misskilningur,“ segir Jón Gunnarsson samgönguráðherra.

Eins og greint var frá í gær vonast Jón til að hægt verði að hefja framkvæmdir á næsta ári við nýja flugstöð í Vatnsmýrinni. Í Morgunblaðinu á miðvikudag var fullyrt að að mati Jóns væri miðstöð innanlandsflugs í Vatnsmýri til frambúðar.

Framkvæmdir í Vatnsmýri er ekki að finna í Fjármálaáætlun 2018-2022. Að mati Jóns er samt hægt að ganga í verkið. „Það er ekki víst að ríkið þurfi endilega að byggja þessa flugstöð. Við getum fengið aðra til þess.“

Áform Jóns hafa farið öfugt ofan í suma stjórnarliða. Jón bendir hins vegar á að á meðan engin ákvörðun hafi verið tekin um að flytja miðstöðina úr Vatnsmýrinni þýði ekki annað en að halda áfram bráðnauðsynlegri uppbyggingu þar.

„Ég hef enga trú á að við séum að fara að byggja flugvöll eða flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýrinni á allra næstu árum. Þá ætti eftir að fara í mikla vinnu og undirbúning.“

> Ég hef aldrei sagt það að ég vilji absalút hafa innanlandsflugvöllinn í Vatnsmýrinni
>
> Jón Gunnarsson, samgönguráðherra



Borgarstjóri hefur talað um að borgin gefi ekki leyfi fyrir framkvæmdinni nema nýja flugstöðin verði færanleg. Jón segir að ef verði ákveðið að byggja nýjan flugvöll eða flytja miðstöðina þurfi húsið að geta þjónað einhverjum öðrum tilgangi.

Jón hefur skipað nýja nefnd til að taka við keflinu af Rögnunefndinni sem komst að því að Hvassahraun væri álitlegasti staðurinn fyrir innanlandsflug. Jón telur margt ábótavant í vinnu nefndarinnar.

„Við erum að láta vinna núna skýrslu um öryggishlutverk vallarins sem ég tel að hafi verið vanreifað í skýrslu Rögnunefndar. Sú skýrsla kemur væntanlega út í sumar.“

Jón nefnir einnig upplýsingar um að Hvassahraunsstaðurinn sé á vatnsupptökusvæði sveitarfélaga Suðurnesja. „Það þarf að skoða. Svo skoðuðu menn ekki heldur af neinu viti að breyta legu flugvallarins í Vatnsmýrinni og reyna að mæta sjónarmiði þeirra sem vilja land undir byggingar. Það verður verkefni þessa starfshóps að kafa ofan í þetta allt saman,“ segir Jón. **– sg**



**Útgerðin vildi fá stimpilgjaldið endurgreitt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Milljóna króna stimpilgjald en engin kaup

**STJÓRNSÝSLA** Útgerðarfélag þarf að greiða rúmlega fjórar milljónir króna í stimpilgjald þrátt fyrir að skip þess hafi aldrei verið selt. Þetta er niðurstaða yfirskattanefndar. Ekki kemur fram í úrskurði nefndarinnar hvaða félag eða skip það er sem um er að ræða.

Í árslok 2015 seldi félagið skip úr landi fyrir tvær milljónir Bandaríkjadollara. Gefið var út afsal fyrir skipinu og það tekið af skipaskrá hér á landi. Samtímis útgáfu afsalsins var stimpilgjaldið greitt. Ekkert varð hins vegar af afhendingu skipsins þar sem fjármögnun kaupanda misfórst. Skipið var að endingu selt öðrum aðila í júní fyrir ári.

Útgerðin krafðist þess að fá fyrra stimpilgjaldið endurgreitt sökum þess að ekki hefði komið til afhendingar. Því var hins vegar hafnað með þeim rökum að afsal væri endanleg niðurstaða löggerninga milli aðila er varði yfirfærslu eigna. Stimpilgjald skuli greiða af eignatilfærslum. Afsalið þótti stimpilskylt og því þurfti að greiða af því stimpilgjald þrátt fyrir að samningurinn hefði ekki gengið eftir. **– jóe**

> Ekkert varð af afhendingu skipsins þar sem fjármögnun kaupanda misfórst.

# Gefa vændiskonum einkunnir og umsagnir á grófri spjallsíðu

**Spjallsíða sem notuð hefur verið til dreifingar á stafrænu kynferðisofbeldi hefur undanfarinn mánuð verið brúkuð til að gefa einkunnir, mæla með eða vara við gleðikonum. Nær undantekningalaust eru gleðikonurnar af erlendu bergi brotnar. Yfirlögregluþjónn vill ekki svara því hvort grunur sé um mansal í málinu.**

**SAMFÉLAG** Íslenskir vændiskaupendur nota spjallsíðu á netinu til að gefa gleðikonum umsögn. Síðan hefur áður verið notuð til að skiptast á nektarmyndum.

Umrædd síða hefur verið til í nokkur ár og tók við af eldri vefsíðum sem þjónuðu sama tilgangi. Fyrst var sagt frá henni á vormánuðum 2014 en lítið hefur verið aðhafst af hálfu lögreglu síðan. Á henni ganga myndir af fá- eða óklæddum stelpum manna á milli en yngstu stelpurnar eru á grunnskólaaldri. Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, vill ekki gefa upp hvort síðan sé til rannsóknar eða ekki. „En við þekkjum síðuna. Það er alls konar efni sem hefur ratað þarna inn.“

„Er enginn áhugi fyrir því að halda utanum hversu góðar alvöru hórurnar hérna á klakanum eru? Ég var að ríða einni hundleiðinlegri rétt áðan og vildi óska að það hefði verið hægt að sækja review áður,“ segir í færslu sem sett var inn á síðuna í upphafi mánaðar.

Margir hafa tekið þátt í umræðu á þræðinum og lagt orð í belg. Hluti spyr hvernig hægt sé að nálgast vændiskonur og aðrir svara. Nokkrir mæla með þessari eða hinni og segja frá hvernig þær hafi reynst þeim í gegnum tíðina. Hluti umsagnanna er jákvæður meðan aðrar eru neikvæðar. Með umsögnunum fylgja hlekkir á prófíl stúlknanna á vefsíðu sem auglýsir þjónustu fylgdarkvenna.



**Margir taka þátt í umræðu á þráðum á vefsíðunni og leggja orð í belg. Sumir spyrja hvernig hægt sé að nálgast vændiskonur. Nokkrir mæla með þessari eða hinni og segja frá því hvernig þær hafi reynst þeim.** NORDICPHOTOS/AFP

„Þú færð meira fyrir peninginn hjá íslenskum stelpum takk fyrir ![sic!] Það er hægt að ríða þeim í drasl!.[sic!] Íslenskar stelpur atvinnumanneskjur miðað við þessa vændiskonu í bólinu og eiga þær meira en hrós og lof skilið fyrir sínar frábæru frammistöðu. […] verstu 30 mín og sóun á pening fyrir ömulega þjónustu,“ segir einn meðal annars.

Fréttablaðið skoðaði auglýsingar nokkurra kvenna af handahófi. Nær undantekningarlaust eru þær af erlendu bergi brotnar. Konurnar auglýsa sig sem sjálfstætt starfandi. Með auglýsingunni fylgir verðskrá, hvað er í boði og símanúmer.

Athygli vekur að afar algengt er að upphafstölur símanúmeranna séu þær sömu. Aðspurður hvort slíkt geti bent til mansals, segist Friðrik engu geta svarað. Hins vegar hafi lögreglan í mörgum tilfellum skoðað og rannsakað mansal, þar sem vændi kemur fyrir.

johannoli@frettabladid.is






# Kærir tvo lögreglumenn vegna framgöngu þeirra við handtöku sína

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri, sem var í fyrradag dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir tilraun til líkamsárásar og brot gegn valdstjórninni, hefur kært tvo lögreglumenn vegna framgöngu þeirra við handtöku hans.

Atvik málsins voru þau að í ágúst í fyrra var lögregla kölluð til vegna hótana mannsins um sjálfskaða. Tveir lögreglumenn mættu á staðinn með kylfur, skildi og piparúða. Þegar þeir komu inn í íbúðina tók maðurinn á móti þeim í annarlegu ástandi og réðst gegn þeim vopnaður hnífi með 15 sentimetra löngu blaði.

Lögreglumaðurinn, sem fór á undan inn í íbúðina, sagði fyrir dómi að hann hefði varist honum með skildi sínum, kylfu og að lokum sprautað piparúða á manninn. Hinn handtekni var mjög æstur og þurftu lögreglumennirnir að liggja ofan á honum þar til sjúkraflutningamenn bar að garði. Þeir sprautuðu manninn niður.




**Verjandi mannsins segir að lögreglumennirnir hafi beitt of miklu valdi við handtökuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hinn sakfelldi hlaut dóm fyrir háttalag sitt en hann neitaði sök. Hann mundi þó lítið eftir atvikum vegna ölvunar og lyfjaneyslu. Var hann að lokum dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir tilraunina og fyrir að hafa hrækt á lögreglumennina.

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi mannsins, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að í upphafi árs hafi verið lögð fram kæra til embættis héraðssaksóknara þar sem lögreglumennirnir tveir hafi beitt of miklu valdi við handtökuna. Málið sé nú í rannsókn hjá embættinu. **– jóe**

# Lagerútsala 21.–23. júní

Nýttu tækifærið áður en **húsgagnalagerinn** flytur.
Komdu í **Vesturvör 29** og gerðu góð kaup. Opið 8–18.

**30–80% afsláttur**

Skrifborðsstólar, fundastólar, staflastólar, elliheimilishúsgögn, skrifborð, möppuhillur, hilluefni og margt fleira á ótrúlegu verði.



**Rafhækkanleg skrifborð.**
**Útsöluverð frá: 79.900 kr.**



**Sitti staflastóll**
**Útsöluverð: 12.900 kr.**

Verð áður: 19.875 kr.



**Möppuhillur**
**Útsöluverð frá: 9.999 kr.**

Hilluefni kr. 500 per stykki
Margar stærðir og litir.



**Ventilo Skrifborðsstóll**
**Útsöluverð: 34.900 kr.**

Verð áður: 62.375 kr.
Svartur.




Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ

## Starfandi fólki fækkaði um 600

**ATVINNA** Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands mældist atvinnuleysi 5,3 prósent í maí.

Samanburður mælinga fyrir maí 2016 og 2017 sýnir að atvinnuþátttaka minnkaði um 0,9 prósentustig. Starfandi einstaklingum fækkaði um 600 og hlutfall starfandi af mannfjölda lækkaði um 2,1 stig. Atvinnulausum fjölgaði um 3.000 manns.

Fram kemur í tilkynningu að það einkennir íslenskan vinnumarkað að atvinnuleysi eykst alltaf á vormánuðum og þá sérstaklega í maí. Helsta ástæðan er aukin eftirspurn ungs fólks eftir atvinnu. Af öllum atvinnulausum í maí voru 61,7 prósent á aldrinum 16 til 24 ára og var atvinnuleysi á meðal þeirra 17,6 prósent.

Að jafnaði voru 203.900 manns á aldrinum 16 til 74 ára á vinnumarkaði í maí 2017, sem jafngildir 85 prósenta atvinnuþátttöku. – **sg**

## Hundruð íbúða í Efstaleitið

**SKIPULAGSMÁL** 361 íbúð verður byggð á Útvarpsreitnum í Efstaleiti á næstu þremur árum auk um 1.000 fermetra atvinnuhúsnæðis. Samkomulag milli Reykjavíkurborgar og verktakans Skugga 4 þessa eðlis var undirritað í gær. Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að gert sé ráð fyrir að fyrstu íbúðir verði afhentar næsta sumar. Skuggi 4 selur íbúðir á reitnum til aðila á frjálsum markaði, meðal annars til leigufélaga til að stuðla að félagslegri blöndun.

Samkvæmt samkomulaginu sem undirritað var í gær selur Reykjavíkurborg Skugga 4 byggingarrétt sinn á reitnum fyrir 175 milljónir og kaupir samhliða 15 íbúðir sem verða dreifðar um reitinn. Íbúðirnar sem Reykjavíkurborg mun kaupa verða 40 til 60 fermetrar að stærð auk 5 til 7 fermetra geymslu. – **jhh**

**175**

**milljónir borgar Skuggi 4 fyrir byggingarrétt á reitnum**

## Mótmælendur styðja saksóknarann



Mikil átök brutust út á milli mótmælenda og lögreglunnar í Venesúela í gær. Mótmælendur þustu út á götur til þess að sýna saksóknaranum Luisu Ortega Diaz stuðning sinn. Hæstiréttur í landinu hefur samþykkt réttarhöld yfir Diaz fyrir alvarleg afglöp í starfi sem gætu orðið til þess að hún verði rekin úr embætti. Diaz hefur gengið býsna hart fram í gagnrýni sinni á Nicolás Maduro, forseta landsins, undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Eldfim klæðning á 600 turnum

**BRETLAND** Sams konar klæðning og var utan á Grenfell-turninum finnst á um það bil 600 öðrum turnum á Englandi. Frá þessu greindi breska forsætisráðuneytið í gær en klæðningin er talin hafa átt stóran þátt í stórbrunanum sem kostaði 79 lífið.

Nú þegar hafa tilraunir sýnt fram á að þrjú sýnishorn af klæðningunni eru einkar eldfim. Fleiri tilraunir verða gerðar kunnar almenningi á næstu dögum.– **þea**

# Semja um 190 milljóna lóðarskuld kísilversins

**Reykjaneshöfn samdi við eiganda lóðarinnar undir United Silicon í Helguvík um 190 milljónir króna sem höfðu ekki verið greiddar. 30 milljónir bættust ofan á vegna vanskila síðan árið 2015. Skuldin hefur ekki verið greidd að fullu.**

**IÐNAÐUR** Reykjaneshöfn og eigandi lóðar United Silicon í Helguvík hafa samið um uppgjör á 190 milljóna króna lóðargreiðslu sem hafði verið í vanskilum síðan í nóvembermánuði árið 2015. Dráttarvextir nema þar af 30 milljónum króna en fimm ár eru liðin síðan lóðin var seld.

„Þetta er ekki lengur í vanskilum og greiðslur hafa átt sér stað þó skuldin sé ekki greidd að fullu. Menn horfa björtum augum til framtíðar," segir Halldór Karl Hermannsson, hafnarstjóri Reykjaneshafnar, sem undirritaði samkomulagið við lóðareigandann Geysi Capital ehf. um miðjan júní.

Höfnin seldi lóðina árið 2012, á 362 milljónir króna, til Stakksbrautar 9 ehf. sem síðar rann inn í Sameinað sílikon hf. (United Silicon).

Tveimur árum síðar eignaðist Geysir Capital, sem er í eigu hollenska félagsins USI Holding BV, lóðina, en þeir Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóri United Silicon, og Auðun Helgason, lögmaður og stjórnarformaður Geysis og fyrrverandi stjórnarmaður kísilversins, hafa verið í forsvari fyrir félagið.

Kaupverðinu var skipt í fjórar greiðslur og voru fyrstu tvær greiddar á settum tíma eða alls 200 milljónir króna.

Þriðja greiðslan var upp á 100 milljónir, var á gjalddaga í nóvember 2015 og fór í innheimtu hjá lögfræðingi hafnarinnar nokkrum mánuðum síðar.

Síðustu 62 milljónirnar átti svo að greiða í apríl í fyrra. Auðun sagði í ágúst 2016 að vanskilin mætti rekja til tafa á hafnarframkvæmdum Reykjaneshafnar, sem er í eigu Reykjanesbæjar, í Helguvík.



Verksmiðja United Silicon stendur á lóðinni Stakksbraut 9 í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þetta er ekki lengur í vanskilum og greiðslur hafa átt sér stað þó skuldin sé ekki greidd að fullu. Menn horfa björtum augum til framtíðar.**
>
> Halldór Karl Hermannsson, hafnarstjóri Reykjaneshafnar

Magnús hætti svo í stjórn verksmiðjunnar í apríl síðastliðnum en rekstur hennar hefur gengið illa allt frá gangsetningu í nóvember í fyrra og líkt og greint hefur verið frá verið plagaður af mengunaróhöppum.

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur undir höndum hófst vinna að samkomulaginu um síðustu greiðslurnar tvær rétt eftir áramót. Þar var samið við Geysi Capital en United Silicon hefur einnig viðurkennt greiðsluskyldu. Þá hefur blaðið heimildir fyrir því að ráðgert sé að Geysir renni svo síðar á árinu inn í rekstrarfélag kísilversins.

**haraldur@frettabladid.is**





**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Vinnustaðanámssjóði.**

Sjóðurinn veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla.

**Umsóknarfrestur er til 14. nóvember 2017, kl. 16:00.**

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

**Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.**
**Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Jón Svanur Jóhannsson, sími 515 5820,
jon.svanur.johannsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**RENAULT**
Passion for life

# GULLFALLEGIR CAPTUR OG KADJAR




## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM RENAULT Í DAG.

Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lægsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugu fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður.
Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum.
Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.

**Renault Captur**
**Bensín, beinskiptur**
**Eyðsla 5,1 l/100 km***
**Verð: 2.650.000 kr.**

**Renault Kadjar 2wd**
**Dísil, beinskiptur**
**Eyðsla 3,8 l/100 km***
**Verð: 3.390.000 kr.**

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"

ENNEMM / SÍA / NM82554

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Höfða mál í stað þess að reyna sættir

**Nýleg rannsókn leiðir í ljós að einstaklingar sem höfða dómsmál hafa betur í aðeins 45 prósentum tilvika og fá að meðaltali 63 prósent af kröfu sinni dæmd. Hæstaréttarlögmaður segir oftar en ekki betra að reyna að ná sáttum heldur en að höfða mál fyrir dómstólum.**

**DÓMSMÁL** Rannsókn Víðis Smára Petersen, hæstaréttarlögmanns á Lex lögmannsstofu, á 386 dómum í einkamálum fyrir Hæstarétti bendir til þess að líkur séu á því að fólk og fyrirtæki höfði of oft dómsmál í stað þess að reyna að ná sáttum. Hann segir brýnt að lögmenn leggi ískalt mat á það hvorum megin sigurlíkur skjólstæðingsins liggi.

Víðir Smári skoðaði 386 dóma í einkamálum fyrir Hæstarétti Íslands á árunum 2013 og 2014. Í ljós kom að þegar stefnendur eru einstaklingar hafa þeir betur í aðeins 45 prósentum tilvika og fá þá að meðaltali 63 prósent af kröfu sinni dæmd. Hlutfallið á milli stefnufjárhæðar og dæmdrar fjárhæðar var með öðrum orðum 63 prósent. Í tilviki lögaðila reyndust hlutföllin hærri. Sigurhlutfallið var 53 prósent og hlutfallið á milli stefnufjárhæðar og dæmdrar fjárhæðar 91 prósent. Samantekið voru líkur einstaklinga á því að fá alla stefnufjárhæð sína dæmda 28,35 prósent en 48,23 prósent í tilviki lögaðila.



Vega þarf og meta marga áhættuþætti áður en ákveðið er að höfða mál fyrir dómi. Oftar en ekki er vænlegra til árangurs að reyna að ná sáttum, sér í lagi ef deilendur eru sammála um hvar sigurlíkurnar liggja. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> Þótt meðaltalsniðurstöður séu ekki upphaf og endir alls, þá sýna þær samt sem áður að einstaklingar vinna mál í aðeins 45 prósentum tilvika.
>
> Víðir Smári Petersen, hæstaréttarlögmaður á Lex lögmannsstofu



Víðir Smári segir að auk þess þurfi að líta til vænts málskostnaðar. Svo virðist sem sá sem vinni dómsmál fái aðeins hluta málskostnaðar dæmdan. Í rannsókninni kemur fram að ef einstaklingur vinnur dómsmál sem hann höfðar fái hann að meðaltali um 1,3 milljónir króna í dæmdan málskostnað. Víðir Smári segir að það jafngildi um fimmtíu klukkustunda vinnu lögmanns.

„Það er ósennilegt að það sé meðaltalstími lögmanns til að reka heilt mál. Flest mál taka lengri tíma.“ Mikilvægt sé að hafa í huga að munurinn á raunverulegum málskostnaði og dæmdum málskostnaði geti orðið mikill. Íslenskir dómstólar séu íhaldssamir þegar komi að því að dæma slíkan kostnað.

Víðir Smári segir að þetta séu þættir sem menn þurfi að vega og meta áður en þeir ákveða að höfða mál. „Fyrsta spurningin sem maður þarf að spyrja sig er: Hverjar eru líkurnar á því að ég vinni málið? Ef málið vinnst þarf ég að spyrja mig hvort það sé líklegt að ég fái alla kröfuna dæmda og málskostnað greiddan. Ef málið tapast þarf ég hins vegar að spyrja mig hve mikið ég þurfi að greiða í málskostnað, bæði minn eigin og hluta af málskostnaði gagnaðilans.“

Víðir Smári hvetur lögmenn til að leggja ískalt tölfræðilegt mat á þessa áhættuþætti. „Þeir geta þá haft hliðsjón af þessum meðaltalsniðurstöðum, þótt slíkt sé ekki upphaf og endir alls, þá sýna þær samt að einstaklingar vinna mál í aðeins 45 prósentum tilvika. Það er því augljóslega í sumum tilvikum höfðað dómsmál þegar betra hefði verið að reyna að sætta ágreininginn.“

Hann tekur þó fram að ofangreindar niðurstöður eigi aðeins við þegar fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi. „Ég geng út frá því í rannsókninni að það sé almennt þjóðhagslega hagkvæmt að aðilar semji í stað þess að þeir leysi úr ágreiningi fyrir dómstólum, vegna þess að það léttir álagi af dómskerfinu og sparar kostnað af rekstri þess. En það geta verið aðrir hagsmunir en fjárhagslegir í húfi. Til dæmis mikilvægar prinsippaðstæður. Í slíkum tilvikum eru það aðrir hagsmunir en fjárhagslegir sem mæla gegn því að aðilar reyni að ná sáttum.“ kristinningi@frettabladid.is




Sumarsmellur!
20% AFSLÁTTUR
AF SUMARBLÓMUM, MATJURTUM, POTTAPLÖNTUM, GARÐHÚSGÖGNUM, TJARNARVÖRU, SLÁTTUVÉLUM, VERMIREITUM, KVISTUM, RUNNAMURUM OFL.
40% AFSLÁTTUR AF ÁVAXTATRJÁM
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Skuldin við gamla Landsbankann greidd upp

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hefur greitt að fullu upp eftirstöðvar erlendra skuldabréfa sem gefin voru út til gamla Landsbankans (LBI) vegna eigna og skulda sem færðar voru frá LBI til bankans í október árið 2008. Við uppgreiðslu námu eftirstöðvar skuldarinnar um 16,2 milljörðum króna, en þegar bréfin voru upphaflega gefin út nam fjárhæð þeirra um 350 milljörðum króna á þáverandi gengi.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir að góður árangur í rekstri og fjármögnun bankans og batnandi efnahagsaðstæður hafi gert bankanum kleift að endurgreiða skuldina við LBI mun hraðar en útlit var fyrir. Uppgreiðsla hennar marki töluverð tímamót. Skuldin hafi á sínum tíma verið mjög há, öll í erlendri mynt og með stuttan endurgreiðslutíma. – kij



Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans




## Auglýsing um tillögu að matsáætlun

### Efnistaka við Eyri í Reyðarfirði

Fjarðabyggð undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr sjó, utan netlagna, við Eyri í Reyðarfirði. Áætlað er að taka allt að 600.000 m3 af efni.

Mat á umhverfisáhrifum er unnið samkvæmt lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015 en framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lið 2.01 í fyrsta viðauka laganna.

Tillaga að matsáætlun er nú lögð fram til auglýsingar á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is. Í henni eru upplýsingar um:

- Framkvæmdina og starfsemi sem henni fylgir
- Staðarhætti á fyrirhuguðu efnistökusvæði
- Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum, þ.e. hvað verður skoðað í mati á umhverfisáhrifum.
- Tilhögun, álitsumleitan og samráð við matið og gerð frummatsskýrslu.

Allir geta kynnt sér tillöguna og komið með ábendingar og athugasemdir.

Ábendingar eða athugasemdir við tillöguna þurfa að vera skriflegar og berast umhverfisstjóra Fjarðabyggðar, Önnu Berg Samúelsdóttur, á netfangið anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is eða bréflega til skrifstofu umhverfisstjóra hjá Fjarðabyggð Hafnargötu 2, 730 Reyðarfirði.

**Frestur til að gera athugasemdir er til og með 10. júlí 2017.**

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is




Íbúðalánasjóður átti 102 fasteignir á höfuðborgarsvæðinu í lok aprílmánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Íbúðalánasjóður vill selja sveitarfélögunum

Íbúðalánasjóður kannaði fyrr í mánuðinum áhuga sveitarfélaga á því að kaupa fasteignir af sjóðnum. Eignirnar er meðal annars hægt að nýta sem félagslegt húsnæði. Sjóðurinn hefur selt tæplega 3.500 fasteignir á síðustu fimm árum.

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður bauð í byrjun mánaðarins fjölmörgum sveitarfélögum á landinu til viðræðna um kaup á fasteignum í eigu sjóðsins. Eiga umrædd sveitarfélög kost á því að kaupa eignirnar, áður en þær verða boðnar til sölu á almennum markaði, með það í huga að þær verði til dæmis nýttar sem félagslegt húsnæði.

Samtals fengu 27 sveitarstjórnir bréf frá sjóðnum, en í viðkomandi sveitarfélögum á sjóðurinn 509 eignir. Alls á sjóðurinn 539 eignir og eru 319 þeirra í útleigu eða um sextíu prósent. Það er mikill munur frá því sem áður var, á árunum eftir hrun, en alls hefur sjóðurinn selt tæplega 3.500 eignir á síðustu fimm árum. Þar af hafa um 2.900 eignir verið seldar til almennings á frjálsum markaði með milligöngu fasteignasala.

Ásgeir Kr. Björnsson, forstöðumaður fullnustueigna hjá Íbúðalánasjóði, segir að þetta sé í annað sinn sem Íbúðalánasjóður bjóði sveitarfélögum til viðræðna um kaup á eignum, en í sambærilegu átaki fyrir um ári seldi sjóðurinn um sextíu eignir til sveitarfélaga. Ásgeir segir að komið hafi reglulega fram í fjölmiðlum að skortur sé á félagslegu húsnæði í mörgum sveitarfélögum og því hafi sjóðurinn viljað kanna á ný hvort áhugi væri hjá sveitarstjórnum á því að kaupa eignir til að nýta í slík úrræði.

„Helstu ástæður þess að Íbúðalánasjóður sendi sveitarfélögunum bréf nú er að skortur er á eignum til leigu og sölu víðast hvar um land og verð fasteigna hefur farið hækkandi. Margar af eignum sjóðsins á landsbyggðinni hafa verið í eigu hans um árabil án þess að ásættanleg tilboð hafi borist í þær,“ segir hann.

Í bréfi sjóðsins er einmitt rakið að vegna stöðunnar á fasteignamarkaði undanfarið hafi mörgum sveitarfélögum reynst erfitt að kaupa fasteignir til þess að uppfylla skyldu sína til að útvega húsnæði fyrir þá sem þess þurfa.

Ásgeir bætir því við að það sé ekki hlutverk Íbúðalánasjóðs að eiga eða leigja eignir til langs tíma. Sú skylda hvíli á sjóðnum að hámarka virði eigna hans og því beri honum að selja fullnustueignir um leið og það telst hagkvæmt. Geti það meðal annars falist í því að selja fleiri eignir í einu til sveitarfélaga. Alls hefur sjóðurinn selt eignir fyrir um sextíu milljarða króna á síðustu árum.

Sveitarfélögunum var gefinn frestur til 23. júní til þess að svara erindi sjóðsins. Ásgeir segir mörg þeirra hafa sýnt erindinu áhuga og hefur Snæfellsbær til að mynda þegar ákveðið að ganga til samninga um kaup á nokkrum eignum í bænum. Ljóst er að fjárhagslegt bolmagn sveitarfélaganna til slíkra kaupa er afar mismunandi. Þó bendir Ásgeir á að almennt séð hafi hagur þeirra vænkast að undanförnu í takt við bætta stöðu efnahagslífsins. kristinningi@frettabladid.is

### Boðar söluátak á eignum sjóðsins í haust

Ásgeir segir markmið Íbúðalánasjóðs að ljúka við að selja eignir sínar, sem eru alls 539 talsins, að stórum hluta fyrir árslok. Gert verði átak í sölu þeirra á komandi hausti. Hann segir um sextíu prósent þeirra vera í útleigu en um þriðjungur leigutaka er fyrri eigendur þeirra.

Sjóðnum er heimilt að leigja fólki sem missir íbúðir sínar í kjölfar vanskila, þær aftur tímabundið til að gefa því ráðrúm til að finna nýtt húsnæði. Stendur þeim, líkt og öðrum, til boða að kaupa eignirnar. Gerðarþolar, þ.e. þeir sem áttu íbúð áður, geta þó einungis keypt með láni frá Íbúðalánasjóði að því gefnu að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn. Fasteignasalar munu annast söluna og verður hagstæðasta tilboði tekið hverju sinni.

**539** eignir eru í eigu Íbúðalánasjóðs

# Tuttugu og tveggja ára ályktun úr gildi

**MANNRÉTTINDI** „Þetta þótti mér söguleg stund. Þarna losnaði um áhrif mannanna sem að þessu stóðu en flestir þeirra voru tengdir stjórnmálaflokkunum og það var eins og þeir væru að koma með flokkspólitíkina inn í Lögmannafélagið. Það skiptir mig miklu máli að Lögmannafélagið sé ekki háð stjórnmálaflokkunum að neinu leyti,“ segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

Á aðalfundi Lögmannafélags Íslands í lok maí var samþykkt að fella úr gildi 22 ára ályktun þess efnis að það samræmist ekki tilgangi félagsins að gefnar séu út álitsgerðir þar sem pólitísk afstaða er tekin í nafni félagsins í umdeildum þjóðfélagsmálum.

Ragnar, sem er fyrrverandi formaður LFMÍ, lagði fram ályktunina ásamt Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni.

Fram kemur í nýju tölublaði Lögmannablaðsins að á fundinum hafi Ragnar sagt að þrátt fyrir að ályktunin hefði verið samþykkt á aðalfundinum árið 1995 hefði félagið hvað eftir annað á þeim áratugum sem liðnir væru fjallað um mannréttindi.



Ragnar Aðalsteinsson sagði að frá því að ályktunin var samþykkt árið 1995 hefði sér ekki liðið vel í LMFÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragnar sagði enn fremur að ályktunin hefði sett félagið niður í áliti margra og valdið mörgum lögmönnum óþægindum við að vera yfir höfuð meðlimir þess. „Þetta er í fullkominni andstöðu við allt það sem lögmannafélög eru að gera um allan heim, hvort sem það er í Noregi eða Palestínu. Þess vegna átti ég erfitt með að sætta mig við þetta.“

Á aðalfundinum var ályktað að það væri og yrði ávallt hlutverk Lögmannafélags Íslands að taka afstöðu til pólitískra ákvarðana stjórnvalda á hverjum tíma ef þau varða mannréttindi þegnanna.

Ragnar sagðist hafa verið í félaginu í 55 ár en frá því á aðalfundinum árið 1995 þegar ályktunin var samþykkt hefði sér ekki liðið vel í því. – sg

CITROËN




# NÝR CITROËN C3

**Yfir 25 alþjóðleg verðlaun**
**7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu**
**Innbyggð myndavél, ConnectedCam™**

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ
**1.970.000 KR.**
C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hlífðarklæðningu sem verndar fyrir hurðaskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam (aukabúnaður) sem gerir þér mögulegt að fanga dýrmæt augnablik á ferðalagi þínu um landið. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Íslamska ríkið stendur á tímamótum

Kalífadæmi ISIS í Mið-Austurlöndum hnignar. Svo virðist sem ISIS tapi Mósúl og Rakka. Forsætisráðherra Íraks segir ISIS viðurkenna ósigur í Mósúl á meðan hersveitir umkringja Rakka. Rússar rannsaka hvort þeir hafi fellt leiðtogann Abu Bakr al-Baghdadi.

**MIÐ-AUSTURLÖND** Eyðilegging al-Nuri moskunnar í írösku borginni Mósúl er opinber viðurkenning Íslamska ríkisins á því að það hafi tapað orrustunni um borgina. Sú er skoðun Haiders al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, sem hann lýsti í gær.

Eins og greint hefur verið frá segja Írakar að ISIS hafi sprengt upp moskuna á miðvikudag. ISIS bendir hins vegar á Bandaríkjamenn sem neita sjálfir sök. Moskan, sem var ríflega 800 ára gömul, er merkileg í sögu ISIS þar sem Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi hryðjuverkasamtakanna, lýsti formlega yfir stofnun svokallaðs kalífadæmis þar í júlí 2014.

Á undanförnum þremur árum hefur hið svokallaða kalífadæmi bæði unnið sigra og tapað. Margir leiðtoga þess hafa fallið í árásum og þá hafa samtökin þurft að færa höfuðstöðvar sínar frá Baqubah í Írak til Rakka í Sýrlandi og þaðan til Mayadin, einnig í Sýrlandi.

> Fall ISIS er þó ekki gulltryggt með væntanlegum ósigrum samtakanna í Raqqa og Mósúl.

Allt bendir nú til þess að ISIS sé við það að tapa tveimur stærstu borgunum sem hafa verið á valdi þeirra; Rakka og Mósúl.

Í gær greindi Reuters frá því að hersveitir sýrlenskra uppreisnarmanna væru við það að umkringja samtökin í Rakka. Um er að ræða arabíska og kúrdíska vígamenn sem njóta stuðnings bandaríska flughersins. Búist er við því að þeim



Hin skakka al-Hadba mínaretta al-Nuri moskunnar trónir yfir rústum Mósúl, áður en hún var sprengd. NORDICPHOTOS/AFP





## Orrustan um Rakka í tölum

- Hófst 6. júní 2017
- Allt að 117 almennir borgarar hafa farist
- Á milli 142 og 312 vígamenn ISIS hafa fallið
- Talið er að á milli 3.000 og 4.000 ISIS-liðar séu í borginni

## Orrustan um Mósúl í tölum

- Hófst 18. október 2016
- Allt að 8.000 almennir borgarar hafa farist
- Írakar telja 9.000 vígamenn ISIS hafa fallið
- Bandaríkin telja 2.000 vígamenn ISIS hafa fallið
- ISIS telja 9.100 íraska hermenn hafa fallið
- Írakar segja 774 hafa fallið

takist að hrekja ISIS frá borginni en þar hafa samtökin ríkt frá árinu 2014.

Orrustan um Mósúl hefur staðið yfir frá því í október síðastliðnum. Hafa Kúrdar og Arabar unnið með hernaðarbandalagi Bandaríkjamanna og tilkynnti ríkisstjórn Íraks að tekist hefði að vinna austurhluta borgarinnar af ISIS í janúar. Verr hefur gengið í vesturhlutanum en á sunnudag tilkynnti íraski herinn um lokakafla orrustunnar. Herinn telur að um 300 skæruliðar séu eftir í borginni, samanborið við 6.000 í október.

Til að bæta gráu ofan á svart fyrir ISIS rannsakar rússneska varnarmálaráðuneytið hvort tekist hafi



**Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi ISIS.** NORDICPHOTOS/AFP

að fella al-Baghdadi sjálfan í loftárás á Rakka. Óljóst er hvort sú sé raunin en margoft áður hefur dauða al-Baghdadis verið lýst yfir.

Fall ISIS er þó ekki gulltryggt með væntanlegum ósigrum samtakanna í Rakka og Mósúl, að því er The Independent greinir frá í umfjöllun sinni. Segir þar að fólki í kalífadæminu muni vissulega snarfækka og áhrif þess minnka en að kalífadæmið sjálft sé ekki nauðsynlegt ISIS.

Án kalífadæmisins getur ISIS enn þrifist utan stórborga Mið-Austurlanda, rétt eins og samtökin gerðu árið 2013. Gætu samtökin enn skipulagt hryðjuverkaárásir sem og haft áhrif á fólk á Vesturlöndum og hvatt til hryðjuverka líkt og þeirra sem áttu sér stað í París, Brussel og Manchester. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Níu ára sendast með vopn og fíkniefni í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Dæmi eru um að níu ára börn hafi verið látin sendast með vopn og fíkniefni í hverfum í Svíþjóð sem skilgreind hafa verið sem hættusvæði. Ofbeldið er orðið grófara í þessum hverfum og lögreglan segir ástandið grafalvarlegt. Táningar hafa tekið þátt í skotbardögum glæpagengja. Áður hafi menn skotið andstæðinginn í fótinn til að hræða hann. Nú skjóti menn andstæðinginn í höfuðið til að drepa hann.

Í nýrri skýrslu sænsku lögreglunnar segir að ungmenni á aldrinum 15 til 25 ára beri ábyrgð á glæpaöldunni. Lögreglan bendir á að þau sem eldri eru virki eins og atvinnumiðlun fyrir þau yngri og ýti þeim út í glæpastarfsemi. Þess er getið að í hverfum þar sem ástandið er slæmt tíðkist oft viðskipti með leigusamninga sem hafi í för með sér að margar fjölskyldur búa í sömu íbúð. Afleiðingin sé sú að unglingar forðist að vera heima hjá sér.

Í 61 hverfi sem lögreglan flokkar sem hættusvæði eru um fimm þúsund glæpamenn í um 200 gengjum. Innan við helmingur íbúanna hefur atvinnu og óánægjan með samfélagið er mikil. Tekið er fram að ástandið sé sérstaklega alvarlegt í 23 hverfanna. Það eru átta fleiri en í skýrslunni 2015.

Í hverfunum sem skilgreind eru sem hættusvæði hefur byggst upp hliðarsamfélag með eigið „réttarkerfi“. Með hótunum, ofbeldi og skemmdarverkum eru verslunareigendur þvingaðir til að kaupa sér vernd eða selja starfsemi sína á undirverði. Glæpamenn sýna vald sitt með því að stela úr verslunum án þess að leyna því og borða á veitingastöðum í hverfunum án þess að greiða fyrir. Traust á opinbera réttarkerfinu er lítið og fáir þora að hafa samband við lögregluna. Grípi lögreglan inn í gegn þeim sem stjórna er hætta á uppþotum.

Spenna hefur einnig myndast í hverfunum vegna nærveru stuðningsmanna ýmissa íslamskra öfgasamtaka.

Lögreglan segir þessa þróun ekki hafa gerst á einni nóttu, heldur á nokkrum áratugum. Ástandið ógni lýðræðinu og réttarkerfinu. **- ibs**



**Lögreglan segir ástandið í sumum hverfum grafalvarlegt.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



# GT´S KOMBUCHA

Vinsælasti Kombucha drykkurinn er kominn í Hagkaup

GT´S Kombucha er góður fyrir meltinguna, þarmaflóruna, bætir orku og líðan.

Drykkurinn er lífrænn og hrár, ríkur af amínósýrum, andoxunarefnum, góðgerlum fyrir meltinguna og virkum ensímum.

GT´S Kombucha heldur fast í 20 ára gamla framleiðsluaðferð. Bruggað er í litlum skömmtum af mikilli alúð til að tryggja sem allra bestu gæði og ferskleika.




498 kr/stk

13 bragðtegundir

## Kynningar

Föstudagur: Skeifan, Garðabær og Eiðistorg
Laugardagur: Skeifan, Garðabær, Smáralind og Spöng




699 kr/stk

Nýtt í Hagkaup

### Bone Suckin´

Grill- og marineringarsósur, kryddblöndur og sinnep sem kætir bragðlaukana.




449 kr/stk

### Cedar´s hummus

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana.




TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

373 kr/stk fullt verð 439

### Oetker Ristorante

Bragðast ávallt eins og á ítölskum veitingastað.



249 kr/stk

449 kr/pk

### Ekta ítalskir eftirréttir

Tíramísú, brownie, kirsuberja, sítrónu og jarðarberja.



499 kr/pk fullt verð 599

### Hvítlauks-Osta grillbrauð

Hentugt og fljótlegt meðlæti



299 kr/pk fullt verð 399

### Mini kleinuhringir

Sykraðir, súkkulaði og bleikir.

Gildir til 25. júní á meðan birgðir endast.




## VERT ÞÚ GRILLMEISTARINN

Einstakt BBQ-reykbragð fyrir alla grillrétti. Veljið á milli nokkurra reykblanda í handhægum reykbökkum - tilbúið til notkunar á grillinu.




199 kr/stk

Uppskriftir og kennslumyndband á www. smokeitall.dk

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg




TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

## KJÚKLINGA-BRINGUR

1.798 kr/kg
verð áður 1.998




TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**LAMBAPRIME**
3.039 kr/kg
verð áður 3.799




TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**PÚRTVÍNS LAMBAFILE**
4.279 kr/kg
verð áður 5.705




TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

**FERSKUR KJÚKLINGUR**
629 kr/kg
verð áður 699




TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**LAMBALÆRI**
1.574 kr/kg
verð áður 2.099




TILBOÐ 35% afsláttur á kassa

**KALKÚNA-SNEIÐAR**
1.559 kr/kg
verð áður 2.399






**NAUTGRIPA-BORGARAR 4X90 G**
637 kr/pk
verð áður 749

**4X120 G**
848 kr/pk
verð áður 998

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Betur heima setið



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Húsnæðisverð hefur hvergi í heiminum hækkað jafn mikið og á Íslandi síðustu misseri. Þetta kemur kannski fáum á óvart. Á undanförnum tólf mánuðum hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu enda hækkað um meira en tuttugu prósent og frá áramótum hefur verðið farið upp um nærri tíu prósent.

Eftir miklar lækkanir í kjölfar fjármálaáfallsins náði fasteignaverð botni í ársbyrjun 2010. Þrátt fyrir hraða verðhækkun frá þeim tíma – á höfuðborgarsvæðinu hefur verðið hækkað í kringum 90 prósent – hefur þróun húsnæðisverðs að mestu verið í samræmi við það sem búast mætti við með hliðsjón af auknum ráðstöfunartekjum heimila og vaxtastigi. Að undanförnu hafa þessi tengsl hins vegar sumpart rofnað og hefur fasteignaverð hækkað talsvert meira en kaupmáttur launa frá vorinu 2016. Það er því með öðrum orðum ekki lengur bætt fjárhagsstaða heimilanna sem er helst að ýta upp verði fasteigna heldur fremur væntun á eignum á markaði – og að sama skapi ótti um að það ástand sé ekki að fara að breytast á næstunni. Slík þróun þykir oft vísbending um að það kunni að vera að myndast eignabóla á húsnæðismarkaði.

Það er því ekki að ástæðulausu að settar hafa verið fram hugmyndir um að það þurfi að virkja svonefnd þjóðhagsvarúðartæki til að sporna gegn mögulegri bólumyndun og spennu á fasteignamarkaði. Þannig hefur meðal annars verið vísað til reynslu Norðmanna eftir að þarlend stjórnvöld lækkuðu lánshlutfall á íbúðalánum vegna kaupa á annarri íbúð en í kjölfarið hefur dregið verulega úr verðhækkunum á húsnæði. Það er hins vegar alls ekki augljóst að þess konar úrræði, sem miða að því að skerða aðgengi að lánsfé til fasteignakaupa, séu til þess fallin að ráðast að rót vandans á íslenskum húsnæðismarkaði. Öðru nær.

Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur og höfundur nýlegrar skýrslu um íbúðamarkaðinn, hefur hvatt stjórnvöld til að stíga varlega til jarðar í þessum efnum enda verði ekki séð hvernig beiting slíkra stjórntækja eigi að geta unnið gegn verðhækkunum sem skýrast einkum af framboðstregðu. Ólíkt því sem á við í Noregi, þar sem hækkun íbúðaverðs hefur verið drifin áfram af ört vaxandi skuldsetningu heimila, þá er staðan allt önnur hér á landi. Enn sjást engin merki um óhóflegan útlánavöxt til fasteignakaupa og þá fara skuldir íslenskra heimila áfram lækkandi. Þær voru liðlega 77 prósent af landsframleiðslu í árslok 2016 en fóru hæst í um 24 prósent 2009.

Ástæðan fyrir gríðarlegum hækkunum á fasteignamarkaði er auðvitað öllum kunnug. Þótt uppbygging nýrra íbúða hafi aukist á höfuðborgarsvæðinu á síðustu árum þá er framboðið enn of lítið til að mæta þeirri þörf sem fólksfjölgun í landinu kallar á. Miðað við fyrirliggjandi byggingaáform mun ekki nást jafnvægi á markaði fyrr en eftir um tvö ár. Stífari kröfur um hámark á veðsetningarhlutföll fasteignalána munu ekki slá á verðhækkanir vegna húsnæðisskorts heldur fremur auka þrýsting á leigumarkaði. Þá er betur heima setið en af stað farið.

> Enn sjást engin merki um óhóflegan útlánavöxt til fasteignakaupa og þá fara skuldir íslenskra heimila áfram lækkandi.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Peningaplokk**

**Nefnd á vegum fjármálaráðherra hefur lagt til að tíu þúsund og fimm þúsund króna seðlar verði teknir úr umferð til að sporna við skattsvikum. Skattsvik eru talin nema um þremur til sjö prósentum af landsframleiðslu og lausnin þykir vera sú að takmarka hversu mikil viðskipti mega eiga sér stað með reiðufé. Fari svo að breytingin gangi í gegn, sem virðist ekki líklegt vegna andstöðu frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, verður eigendum kortafyrirtækjanna færð á silfurfati nauð neytenda til að borga færslugjöld með hverjum einustu kaupum. Frelsi almennings til að haga viðskiptum sínum eftir eigin höfði verður skert og hinir ríku verða ríkari. Bíddu nú við, það ástand hljómar reyndar kunnuglega.**

**Ráðuneytið í bobba**

**Það ríkir algjör þögn frá dómsmálaráðuneytinu um það hvað réði því að dæmdur kynferðisbrotamaður, Robert Downey, fékk uppreist æru níu árum eftir að hann hlaut dóm. Fjölmiðlar hafa engar upplýsingar fengið um það hvaða málsmetandi menn mæltu með því að hann fengi slíkan heiður. Það kæmi ekki á óvart að það þyki svo vandræðalegt, svo neyðarlegt, að vera á meðmælalista mannsins að reynt sé að láta málið daga uppi. Það tók nefnilega bara einn dag að fá uppgefið hverjir hefðu a.m.k. ekki mælt með þessari niðurstöðu.**

**snaeros@frettabladid.is**

## Epli og appelsínur



Ólafur Arnarson
formaður Neytendasamtakanna

Finnur Árnason, forstjóri Haga, sendir mér tóninn í viðtali við Markaðinn í Fréttablaðinu á miðvikudaginn. Hann virðist telja mig hafa tekið upp hanskann fyrir Costco og verið ósanngjarnan í garð Bónuss. Þetta get ég ekki fallist á. Ég hef einungis tekið upp hanskann fyrir íslenska neytendur. Alvarlegar ásakanir hafa komið fram frá öðrum en mér um að í Bónus sé stundað að lækka verð rétt á meðan verðkannanir standa yfir sem og að hækka verð þegar mikið er að gera í verslununum. Ég lýsti þeirri skoðun minni að alvarlegt væri ef rétt væri.

RÚV, í samvinnu við ASÍ, birti nýlega verðkönnun sem sýndi að ódýrasta innkaupakarfan í Bónus er ódýrari en ódýrasta karfa í Costco, án tillits til tegundar eða gæða. Á þetta benti ég í viðtölum við fjölmiðla. Ég veit ekki betur en að gagnrýni m.a. frá Högum á verðkannanir ASÍ hafi einmitt beinst að því að ekki sé verið að bera saman sambærilegar vörur. Að verið sé að bera saman epli og appelsínur en ekki epli og epli.

Finnur virðist blanda saman ummælum mínum um aðskilda hluti og túlka sem einn og sama hlutinn. Með því er hann í raun að bera saman epli og appelsínur, sem aldrei er gott. Ég vona að við Finnur séum sammála um að betra er að bera jafnan saman epli og epli.

Finnur lætur að því liggja að með ummælum mínum hafi ég sakað Jóhannes heitinn í Bónus, sem var mér mjög kær, um blekkingar gagnvart neytendum. Það myndi ég aldrei gera. Jóhannes var einhver besti bandamaður sem íslenskir neytendur hafa átt.

Costco færir nýja samkeppni inn á íslenskan dagvörumarkað og lækkar vöruverð rétt eins og Hagkaup gerði 1959 og Bónus 1989. Því fagna ég fyrir hönd íslenskra neytenda. Fákeppni á dagvörumarkaði hefur fært háar fjárhæðir úr vösum neytenda í vasa eigenda innflutnings- og smásölufyrirtækja. Öflug og heilbrigð samkeppni er besti vinur neytenda.

> Öflug og heilbrigð samkeppni er besti vinur neytenda.




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Miklu meira en Jónas

**Í DAG**



Bergur Ebbi

Ég set stórt spurningarmerki við að takmarka notkun reiðufjár á Íslandi. Ég vil að þegar viðskipti fari fram séu fleiri en einn valkostur í boði. Hér á eftir fer rökstuðningur:

Styrkur reiðufjár felst í því sem orðið sjálft segir: það er fé sem er „til reiðu“. Það er öðruvísi en allt annað fjármagn sem fólk hefur aðgang að. Jafnvel þó þú eigir peninga á bankareikningnum þínum þá er það ekki bara undir þér komið hvort það fé sé „til reiðu“. Þú þarft í fyrsta lagi að vera nálægt posa, neti, síma eða tölvu og fyrir alla þá þjónustu þarf að greiða – fyrir utan þá staðreynd að tæknilegar bilanir geta alltaf orðið. Til að viðskiptin sem þú vilt gera eigi sér stað þarf í raun heilt kerfi að virka í þína þágu, og þó að það klikki sjaldan, þá er óábyrgt að strúktúra samfélag á þann hátt að fyrir sérhver viðskipti þurfi fjöldi hagsmunaaðila að hafa aðkomu. Því allir þessir aðilar hafa eigendur og stjórnendur og maður þarf ekki að vera neitt sérstaklega ofsóknaróður til láta sér líka illa við það.

## Mikilvægt að hafa valkosti

Enda er ég ekkert ofsóknaróður. Ég er bara góður og gegn plebbi sem upplifði það fyrir innan við áratug síðan að bankakerfi lands míns hrundi. Ég upplifði það að fylgjast með fólki streyma í banka og taka peninga út í reiðufé – fólk sem hefði að öðrum kosti kannski gripið til verri og ófyrirséðari aðgerða. Ég sá að reiðufé gaf fólki, kannski þeim sem örvæntu mest, ákveðna festu – þegar bankamenn höfðu breytt milljónföldum árslaunum venjulegs fólks í móðukenndar tölur á tölvuskjáum. Og mér finnst einfeldni að treysta þessu sama kerfi fyrir öllum viðskiptum svo skömmu síðar. Ekki misskilja mig. Ég treysti bönkum. En ég treysti þeim ekki 100%.

Og að sjálfsögðu veit ég að reiðufé kostar líka peninga sem greiddir eru af skattfé okkar allra. Seðlarnir eru prentaðir erlendis og það kostar stórfé að slá myntina – en kannski er það bara fórnarkostnaður þess að hafa fleiri en einn valkost í viðskiptum. Fjölmargir hlutir í samfélagi okkar eru rándýrir og ekki praktískir nema horft sé heildstætt á málið. Það kostar til dæmis stórfé að halda uppi dómskerfi, sem lang oftast úrskurðar um málefni sem varða ekki þorra almennings og það væri kannski hægt að láta ráðgjafafyrirtæki komast að þeirri niðurstöðu að meginþorri dómsmála hafi enga praktíska þýðingu nema fyrir örlítinn sérhagsmunahóp. En auðvitað vita allir að dómskerfið snýst um prinsipp – að hafa möguleikann og valkostinn til að fá úrlausn ágreiningsefna sinna, þó að fáir nýti sér hann.

## Endurvekjum traustið

Þetta dæmi er ekki langsótt. Þó reiðufé þjóni oft sérhagsmunum þá er sjálf tilvist þess mikilvægt samfélagslegt prinsipp sem snýst um að ríkisvaldið haldi uppi regluverki sem tryggi að fram geti farið viðskipti sem bankar og kortafyrirtæki hafa ekki beina milligöngu um. Ef möguleikinn á slíkum viðskiptum er fjarlægður er búið að loka á glufu sem á að vera opin í samfélögum sem lifa eftir þeirri stefnu að setja ekki öll egg í sömu körfuna. Auk þess mun útrýming reiðufjár ekki útrýma ólöglegri starfsemi. Fólk mun áfram kaupa hass eða selja jeppadekk án þess að borga ríkisvaldinu hluta af viðskiptunum. Það mun finna leið. Hassið og jeppadekkin geta aldrei verið grunnrök þessarar umræðu.

Málið snýst um eftirfarandi: Reiðufé er hinn milliliðalausi sáttmáli milli ríkisvaldsins og þegna þess. Og eins og allir sáttmálar snýst reiðufé um traust. Samkvæmt rannsóknum fjármálaráðuneytisins ber mikið á því að þegnar landsins misnoti traustið sem þeim er gefið. Þeir nota reiðufé til að svíkja undan skatti og stunda ólögleg viðskipti. En nú spyr ég: Er besta leiðin til að styrkja traustið að fella sáttmálann úr gildi eða lama hann þannig að viðskipti geti ekki farið fram án þess að milliliðir komi að málum? Erum við í alvöru á því stigi að það þurfi að láta unglinginn á heimilinu pissa í glas á hverjum degi?

Horfum á málið heildstætt. Ekkert kerfi er fullkomið. Það þurfa allt af að vera tveir valkostir, til að veita hvor öðrum aðhald. Hugmyndin um takmörkun á notkun reiðufjár eða jafnvel afnám þess er risastór pólitísk spurning sem varðar sjálfan samfélagssáttmálann. Þetta mál snýst um miklu meira en að taka Jónas, eða jafnvel Ragnheiði úr umferð. Um er að ræða grundvallaratriði í samskiptum ríkisins og þegna þess. Ræðum málið allavega þannig.

> **Hugmyndin um takmörkun á notkun reiðufjár eða jafnvel afnám þess er risastór pólitísk spurning sem varðar sjálfan samfélagssáttmálann.**


Nýttu þér ávísunina frá okkur næst þegar þú ferð í Apótekarann

1.000 kr. ávísun til þín, kæri nágranni, ef þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira.

Við vonum að ávísunin sem þú fékkst senda frá Apótekaranum komi að góðum notum og að þú og þínir eigið ánægjulegt sumar. Um leið langar okkur að benda á nýjasta apótekið okkar sem er að Bíldshöfða 9, í húsi sem hefur hlotið nafnið Höfðinn og hýsir m.a. nýja heilsugæslu. Ávísunin gildir í öllum apótekunum okkar. Verið velkomin.

1000 kr.

Gildir til 21. júlí 2017

Ein ávísun gefur þér 1.000 kr. afslátt ef verslað er fyrir 5.000 kr. eða meira.

Gildir fyrir allar vörur og lausasölulyf. Starfsfólk veitir þér nánari upplýsingar.

Apótekarinn+ - lægra verð

5 694230 016686

*Gegn framvísun miðans. Klipptu út miðann og taktu hann með þér í Apótekarann. Afslátturinn gildir í öllum apótekum Apótekarans.

PIPAR\TBWA • SÍA

Höfuðborgarsvæðið

Domus Medica, Bildshöfði | Eiðistorg, Fjarðarkaup | Glæsibær, Hamraborg | Helluhraun, Höfði | Mjódd, Mosfellsbæ | Salavegur, Skipholt | Smiðjuvegur, apotekarinn.is

Landsbyggðin

Akureyri, Hafnarstræti | Akureyri, Hrísalundur | Hella, Hveragerði | Hvolsvöllur, Keflavík | Fitjum Reykjanesbæ, Selfoss | Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn

Apótekarinn+ - lægra verð

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**Fram - Grótta 1-0**
1-0 Dino Gavric (52.).

**HK - ÍR 2-0**
1-0 Ásgeir Marteinsson (16.), 2-0 Bjarni Gunnarsson (87.).
**Rautt spjald:** Styrmir Erlendsson, ÍR (90.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Fylkir | 16 | Þór | 9 |
| Þróttur R. | 16 | HK | 9 |
| Fram | 14 | Haukar | 9 |
| Selfoss | 13 | ÍR | 7 |
| Keflavík | 12 | Grótta | 5 |
| Leiknir R. | 9 | Leiknir F. | 4 |

## Í dag

**17.50 Stjarnan - Þór/KA** Sport 2
**19.05 Fylkir - Selfoss** Sport
**19.30 Travelers Champ.** Golfst.
**21.15 Teigurinn** Sport
**22.15 1 á 1** Sport
**22.30 Walmart Champ.** Golfst.

**Borgunarbikar kvenna**
**17.30 ÍBV - Haukar**
**18.00 Stjarnan - Þór/KA**
**19.15 Valur - HK/Víkingur**
**19.15 Grindavík - Tindastóll**

**Inkasso-deildin**
**19.15 Fylkir - Selfoss**
**19.15 Leiknir R. - Haukar**


**Landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson og aðstoðarmaður hans, Ásmundur Haraldsson, skera köku á blaðamannafundinum í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Í nýjum hlutverkum

**Harpa Þorsteinsdóttir fer með á EM þrátt fyrir að vera nýbyrjuð aftur að spila. Lykilmenn íslenska liðsins þurfa að sætta sig við minni spilatíma á EM 2017.**

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson, landliðsþjálfari kvenna í fótbolta, tilkynnti á blaðamannafundi í gær hvaða 23 leikmenn fara með íslenska landsliðinu á EM 2017 í Hollandi sem hefst í næsta mánuði. Mikil spenna ríkti fyrir valinu enda óvíst hvort nokkrir reynsluboltar yrðu hreinlega valdir vegna meiðsla og barneigna á þessu ári.

Svo fór að Freyr veðjaði á reynslu og tók þær Hólmfríði Magnúsdóttur og Söndru Maríu Jessen með en báðar hafa komið sterkar til baka eftir meiðsli og skorað mörk. Harpa Þorsteinsdóttir, markahæsti leikmaður undankeppni EM 2017, var stærsta spurningarmerkið en hún fer einnig með. Allar verða í minna hlutverki en áður.

### Harpa ein látin vita

Freyr viðurkennir að honum hafi verið hætt að lítast á blikuna fyrir nokkrum vikum varðandi Hörpu þegar hún var ekki komin af stað með Stjörnunni og talaði um það í viðtölum að löngunin væri svona rétt að kvikna aftur eftir barnsburðinn í byrjun mars. Harpa var fljót að finna neistann og lýsti því sjálf yfir í vikunni að hún vildi ólm komast á EM. Íslenska liðið hefur skort mörk að undanförnu og ef eitthvað er vitað er það að Harpa Þorsteinsdóttir getur skorað mörk.

„Harpa er ekki í hópnum af því að okkur vantar mörk heldur vegna þess að hún er nægilega góð,“ segir Freyr um Hörpu sem hefur aðeins spilað 138 mínútur í Pepsi-deildinni á þessu tímabili.

Allir leikmenn liðsins voru látnir vita um EM-sætið með tölvupósti meðan á fundinum stóð en Harpa var sú eina sem vissi að hún yrði í hópnum.

„Það var umferð í Pepsi-deildinni á þriðjudaginn þannig að við vildum ekki trufla hana fyrir það. Við áttum því samtal í gær. Ég þurfti að ræða við hana um hennar hlutverk þannig að hún væri algjörlega meðvituð um hvað henni er ætlað að gera. Ég var ekki búinn að gefa upp vonina með Hörpu en um tíma var óvissa um hvort hún hefði ástríðuna til að gera þetta,“ segir Freyr og bætir við að Harpa geti spilað af krafti í svona 20-30 mínútur í dag og það hjálpi íslenska liðinu.

### Hólmfríður vængbakvörður

Tveir nýliðar gripu gæsina í síðustu leikjum fyrir EM en það voru Agla María Albertsdóttir, framherji Stjörnunnar, og Ingibjörg Sigurðardóttir, miðvörður Breiðabliks. Þær eru á leið á EM með samtals sex landsleiki á bakinu.

„Agla María kom inn í liðið eins og stormsveipur og það sama má segja um Ingibjörgu sem nýtti sín tækifæri alveg frábærlega,“ segir Freyr sem hefur hálfpartinn þurft að endurmóta liðið eftir að hafa spilað meira og minna á sama liðinu alla undankeppnina.

„Ef við hefðum staðið hérna fyrir ári síðan og talað um þetta svona hefðum við aldrei trúað þessu en þetta gerðist allt saman. Ég er samt bara orðinn spenntur fyrir þessu öllu. Hólmfríður verður vængbakvörður í þessu liði og í allt öðru og minna hlutverki en áður. Hún hefur samt mikinn X-faktor sem getur nýst okkur,“ segir Freyr. **tomas@365.is**

## Hópurinn

**MARKVERÐIR:**
**1. Guðbjörg Gunnarsdóttir,** Djurgården
**12. Sandra Sigurðardóttir,** Val
**13. Sonný Lára Þráinsdóttir,** Breiðabliki

**VARNARMENN:**
**2. Sif Atladóttir,** Kristianstad
**3. Ingibjörg Sigurðardóttir,** Breiðabliki
**4. Glódís Perla Viggósdóttir,** Eskilstuna
**11. Hallbera G. Gísladóttir,** Djurgården
**19. Anna Björk Kristjánsdóttir,** LB07
**22. Rakel Hönnudóttir,** Breiðabliki
**21. Arna Sif Ásgrímsdóttir,** Valur

**MIÐJUMENN:**
**5. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir,** Vålerenga
**6. Hólmfríður Magnúsdóttir,** KR
**7. Sara Björk Gunnarsdóttir,** Wolfsburg
**8. Sigríður Lára Garðarsdóttir,** ÍBV
**10. Dagný Brynjarsdóttir,** Portland Thorns
**14. Málfríður Erna Sigurðardóttir,** Val
**23. Fanndís Friðriksdóttir,** Breiðabliki

**SÓKNARMENN:**
**9. Katrín Ásbjörnsdóttir,** Stjörnunni
**15. Elín Metta Jensen,** Val
**16. Harpa Þorsteinsdóttir,** Stjörnunni
**17. Agla María Albertsdóttir,** Stjörnunni
**18. Sandra María Jessen,** Þór/KA
**20. Berglind Björg Þorvaldsdóttir,** Breiðabliki






# Fólk

FÖSTUDAGUR 23. JÚNÍ 2017

Lífsstíll



MYND/ANTON BRINK

# Semur um samtímann

**Tónlistarmaðurinn og forritarinn Jónas Sigurðsson glímdi lengi við kvíða sem varð til þess að hann hætti í tónlist í kjölfar velgengni Sólstrandargæja. Hann vinnur að nýrri plötu sem kemur út í lok árs og spilar alla sunnudaga á Rosenberg í sumar með Ritvélum framtíðarinnar.** →2



Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Framhald af forsíðu

Ég er að reyna að minnka koffínið," segir Jónas glaðlega meðan hann hellir sér kaffi í bolla. „Ég er vanur að drekka nokkra espresso þannig að þetta er skref upp á við," bætir hann við og hlær.

Við setjumst í þægilegan sófa á Kjarvalsstöðum og byrjum á byrjuninni, uppvaxtarárunum í Þorlákshöfn. „Þar var yndislegt að alast upp. Þorpið var mjög hrátt eins og oft var með þessi fiskiþorp sem voru að byggjast upp á sjötta og sjöunda áratugnum. Foreldrar mínir voru hluti af frumbyggjunum og búa þar enn í dag," segir Jónas en með honum blundar draumur um að flytja í þorpið að nýju.

Hann lýsir sér sem orkumiklum og leitandi á unglingsárunum. Hann hafi þó fundið mikla jarðtengingu í tónlistinni en hann var þá þegar farinn að spila á gítar og trommur. Það var síðan tónlistaráhuginn sem dró hann í menntaskóla út á land. „Vinur minn fór í Alþýðuskólann á Eiðum og fór að senda mér plaköt þar sem hann var orðinn einhver spaði í hljómsveit. Það fannst mér geggjað og fannst ég verða að fara líka," segir Jónas og sá ekki eftir því. Tónlistin var allsráðandi á heimavistinni og mikill hetjuskapur þótti að vera í hljómsveit. „Það var gott fyrir mig sem vantaði sjálfstraust."

## Sólstrandargæjar slá í gegn

Fyrir austan varð til grínhljómsveitin Sólstrandargæjarnir sem samanstóð af Jónasi og vini hans Unnsteini Guðjónssyni. „Nafnið var tilvísun í vinsældir Baywatch á þeim tíma," segir Jónas en hljómsveitin átti nokkur partílög sem voru vinsæl meðal samnemenda. „Á þessum tíma var ég mikið partíljón og það var mitt „thing" að vera gaurinn með gítarinn í partíum."

Eftir námið á Eiðum og Menntaskólanum á Egilsstöðum flutti Jónas aftur suður og var í alls konar tilraunahljómsveitum. Svo var það árið 1995 að Unnsteinn spurði hvort hann væri til í að taka upp partílögin með Sólstrandargæjunum. „Mér fannst ótrúlegt að nokkur hefði áhuga á þeirri tónlist en við fórum í stúdíó eina helgi, tókum upp og gáfum út plötu sem varð síðan alveg „major hit". Sumarið 1995 fékk ég því að upplifa að vera dálítið frægur."

## Hætti í tónlist vegna kvíða

En þó frægðin hafi verið langþráður draumur var raunveruleikinn ekki jafn fagur. „Það hefur alltaf verið kvíði í mér, alveg frá því var lítill, en þarna sprakk hann út. Reyndar hafði ég ekki þetta orð, kvíði, til að skilgreina hvernig mér leið. Ég bara fór að trúa öllum þessum hugsunum sem sögðu mér að ég væri glataður og ætti bara að hætta þessu og loka mig niðri í kjallara," lýsir Jónas en það var einmitt það sem hann gerði. „Árið 1996 sagði ég skilið við tónlistina, fór að vinna við að líma saman stóla. Svo flutti ég aftur til Þorlákshafnar og fór að vinna þar alls konar störf, í landi og á sjó.

## Forritari hjá Microsoft

Slugs, skróp og svefn hafði einkennt skólagöngu Jónasar sem hélt að hann gæti ekki verið klár. Það kom honum því á óvart þegar hann fór á námskeið í forritun að hún lá fyrir honum eins og opin bók. „Ég fór að starfa við forritun og gekk rosa vel, flutti svo til Danmerkur og fékk vinnu hjá Microsoft sem var mikið tækifæri," segir Jónas.

## Úr klóm Vísindakirkjunnar

Þrátt fyrir velgengni í starfi óx vanlíðan innra með honum. „Ég hélt ég gæti troðið mér í þetta box sem ég passaði ekki í enda var ég ekki í tengslum við sjálfan mig," segir Jónas sem fór á þessum tíma á kaf í andlegar pælingar, sótti hugleiðslunámskeið og fékk djúpa tilfinningu fyrir því að til væri eitthvað meira.

„Ég var mjög opinn á þessum tíma, trúði að æðri máttarvöld væru að störfum og tók öllu sem tákni. Það kom til mín kona frá Vísindakirkjunni og bauð mér að taka próf. Ég ákvað að slá til og út úr prófinu kom auðvitað að ég væri stórskaddaður andlega. Því var mér boðið á sjö daga námskeið og ég fór í kjölfarið að mæta á fundi til að svala forvitni minni. Eftir hvern fund var maður látinn lofa að koma aftur og hringt ef maður gerði það ekki. Ég er svo meðvirkur að ég entist þarna í tvo, þrjá mánuði. Eftir því sem ég fór dýpra fór ég að skynja hættuna og fannst þetta ekki fyndið lengur. Ég hætti því að mæta, en það var hringt í mig í rúmt ár á eftir," minnist hann glettinn.

## Sló ísraelskt lán

Jónas fór í dönskuskóla í Danmörku og kynntist þar Ísraela sem var í verkfræðinámi og auk þess tónlistarmaður. „Við fórum að djamma saman. Einn daginn hitti ég hann á kaffihúsi og þá sagðist hann hafa erft pening eftir pabba sinn og tilkynnti mér: „Jónas, þú átt erindi í tónlist og ég ætla að lána þér pening fyrir plötu." Ég neitaði í fyrstu en eftir nánari umhugsun ákvað ég að slá til.



Jónas vinnur nú að nýrri plötu sem kemur út í lok árs. Á henni verða lög sem hann hefur gefið út síðustu ár auk nýrra laga sem hann hefur verið að vinna að. MYND/ANTON BRINK

Hugsaði að almættið væri að segja mér eitthvað."

Jónas sneri því aftur heim, settist niður og gaf út sína fyrstu sólóplötu, Malbikið svífur, í lok árs 2006. „Hún vakti talsverða athygli enda mundu margir eftir mér úr Sólstrandargæjunum, en þarna var ég kominn í allt öðrum fíling. Mér þótti vænt um móttökurnar enda margir sem hvöttu mig áfram," segir Jónas. „Núna gerðist allt miklu hægar sem hentaði mér mun betur."

## Textarnir skipta máli

Jónas leggur mikla áherslu á vandaða textagerð og hefur fengið verðlaun fyrir texta sína. „Ég vil fanga einhvers konar tilfinningu," segir hann og nefnir sem dæmi Hafið er svart. „Þá var ég að hugsa til Þorlákshafnar og þeirrar karlmennsku sem ég ólst upp við. Þarna er sjómaður sem talar ekki mikið af því að hann kann það ekki, getur orðið þungur og liðið illa af því að hann er eins og hann er," segir Jónas og viðurkennir að hann finni þennan karl innra með sér, sérstaklega eftir því sem hann eldist.

## Gefur út nýja plötu

Jónas gerði nýlega samning við nýtt útgáfufyrirtæki, Alda music, og vinnur nú að nýrri plötu sem ætlunin er að gefa út í lok þessa árs. Á þeirri plötu verða þau lög sem hann hefur gefið út frá 2012 auk nýrra laga. Nýjasta lagið er Vígin falla sem hefur fengið þó nokkra spilun undanfarið. „Ég hef fært mig dálítið úr þessari sálgreiningu í textagerðinni yfir í að fjalla um samfélagið. Það er svo margt skakkt í þessu samfélagi, skilaboðin og gildismatið. Margt sem við verðum að laga. Mér finnst ómetanlegt að vera tónlistarmaður og hafa tækifæri til að koma þessum skilaboðum á framfæri."

## Á eigið fyrirtæki

Þó tónlistin spili stórt hlutverk í lífi Jónasar í dag er hún ekki hans aðalvinna. „Ég er með eigið hugbúnaðarfyrirtæki. Við vinnum sérsmíðuð öpp fyrir viðskiptakerfi," segir Jónas sem finnst þessir tveir heimar blandast vel saman. „Sköpunin er sú sama. Það er margt líkt við að búa til kerfi og tónlist."

## Fjölskyldan í fyrsta sæti

Jónas kynntist konu sinni tvítugur. „Við fórum á eitt deit og eignuðumst dóttur níu mánuðum síðar," segir hann og hlær. Þau eiga í dag 22 ára dóttur og 18 ára son. „Það hefur gengið á ýmsu í okkar sambandi og skipst á skin og skúrir en við eigum afar fallegt samband í dag," segir Jónas sem setur fjölskylduna í fyrsta sæti. „Það skiptir mig miklu máli að öllum líði vel og að afkoma fjölskyldunnar sé tryggð." Börn hans hafa ekki farið út í tónlist. „En þau taka virkan þátt þegar ég er að semja lög, koma með góðar ábendingar um útsetninguna."

## Alla sunnudaga á Rosenberg

Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar verða á ferð og flugi í sumar og spila á tónlistarhátíðum um allt land. „Svo er ég með tilraunaverkefni í gangi og mun spila alla sunnudaga í sumar á Rosenberg. Mér hefur þótt leiðinlegt hvað við spilum oft lítið í bænum á sama tíma og við þeysumst um landið þvert og endilangt. Þetta er tækifæri til að bæta úr því."

tv
2 ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR
Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér.
Kynntu þér málið á 365askrift.is
365
365ASKRIFT.IS

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Veiðiblaðið

FÖSTUDAGUR 23. JÚNÍ 2017

**Kynningar:** Fnjóská Veiðiflugur Veiðivon



Feðgarnir Sigurður Jóhannsson (t.v.) og Jóhann Sigurðsson, á góðum degi í Fosspolli í Skjálfandafljóti með góðan afla.






# Þar sem hjartað slær

Feðgarnir Jóhann Sigurðsson og Sigurður Jóhannsson hófu snemma að stunda veiðar saman. →2

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Stangveiðar eru stór hluti af samverustundum margra fjölskyldna. Þar færist þekkingin og handbrögðin gjarnan milli kynslóða, frá þeim eldri til þeirra yngri, og saman njóta fjölskyldumeðlimir útivistarinnar og náttúrunnar í ýmsum veðrum.

Akureyringurinn Jóhann Sigurðsson byrjaði að stunda veiðar um 3-4 ára aldurinn með föður sínum, Sigurði Jóhannssyni, og hófst ferillinn í Skjálfandafljóti. „Ég man sérstaklega vel eftir því að pabbi batt mig í spotta þar sem fljótið er erfitt yfirferðar, með mikið af gljúfrum og erfiðum veiðistöðum. Afi gerði einmitt það sama við pabba þegar hann var lítill. Fyrstu árin fékk ég að halda í stöngina þegar pabbi eða afi höfðu sett í lax til að finna kraftinn í honum. Mér var kennt að rífa slagæðina með vísifingri, handrota og ýmislegt annað.“

Á næstu árum þróaðist veiðiáhuginn jafnt og þétt hjá Jóhanni og fljótt fann hann hvernig hann fór að skynja náttúruna betur, strauminn og ána. „Það sem er svo heillandi við veiðar er að fullnægja veiðieðlinu sem býr inni í brjóstinu á manni. Þegar ég byrjaði að fá lax var það frábær tilfinning. Að upplifa síðan alla þessa þætti í einu með góðum félögum er það sem togar mig alltaf aftur að ánni.“

**Erfiðar aðstæður**

Og góður félagsskapur er ómissandi þáttur í veiðinni, hvort sem það eru vinir eða fjölskyldan. Jóhann hefur veitt lengi með föður sínum og segir þær veiðistundir hafa eflt og bætt samband þeirra feðga. „Að njóta samverunnar, kenna og miðla reynslunni, efla og styrkja veiðieðlið sem býr í brjóstinu á ungum veiðimanni er ómetanlegt. Svo er gaman að koma heim með laxa til eiginkonu og móður sem bíða spenntar eftir því að gera að aflanum. Það eflir sambandið í rauninni þegar annar er með stöngina og hinn með háfinn því þá reynir á samvinnuna. Eftir að laxinum hefur verið landað þá rekum við upp siguróp, berjum okkur á brjóst og föllumst í faðma. Það er ljómandi feðgasamband.“

> Það sem er svo heillandi við veiðar er að fullnægja veiðieðlinu sem býr inni í brjóstinu á manni.

Aðspurður um skemmtilegar endurminningar segir hann góðar og fallegar minningar vera við hvert fótmál. Ein kemur þó fljótlega upp í hugann. „Í júlímánuði 2015 áttum við feðgar kannski okkar bestu stund en þá settum við saman í stórlax. Viðureignin tók rúmlega 40 mínútur og reyndi mikið á okkur báða. Aðstæður voru mjög erfiðar, þungur straumur og laxinn lét mjög ófriðlega, kannski vegna þess að öngullinn hékk fremst í nefinu á honum. Hann hreinsaði sig fjórum sinnum hátt í loft upp, kom á fleygiferð fjórum sinnum á milli okkar niður stríðan straum og flúðir og þurfti gríðarleg átök til þess að koma honum upp aftur.“



Jóhann (t.h.) var 3-4 ára gamall þegar hann hóf að veiða með föður sínum. Veiðin hefur fylgt þeim feðgum alla tíð síðan.



Sigurður (t.v.), pabbi Jóhanns, heldur hér á laxinum góða sem Jóhann minnist á í frásögn sinni. Hann vó 20 pund og var 100 cm langur.

**Mögnuð stund**

Háfun mistókst í fjögur fyrstu skiptin og segir Jóhann að þeir feðgar hafi ákveðið að ef hann kæmi á ferðinni í fimmta skipti yrði að duga eða drepast, það yrði þeirra síðasti möguleiki. „Sá sem var með háfinn reyndi að koma sér á þann stað þar sem hann hafði farið yfir brotin áður og stóð grafkyrr þar til laxinn kom eins og tundurskeyti. Þá kom eldsnögg hreyfing til hliðar og laxinn stóð í háfnum eins og spjót. Þetta var mögnuð stund og trúlega sú eftirminnilegasta en fiskurinn var 20 pund og 100 cm.“

> Eftir að laxinum hefur verið landað þá rekum við upp siguróp, berjum okkur á brjóst og föllumst í faðma.

Veiðisumarið fram undan er um 20 dagar hjá Jóhanni, þar af tólf laxveiðidagar og átta silungadagar. „Stefnan er sett á Ólafsfjarðará, Hörgá og Laxá og svo er það náttúrulega alltaf Skjálfandafljótið góða þar sem hjartað slær.“






Pönnusteikt er bleikjan ávallt mjög góð. MYND/ANNA BJÖRK EÐVARÐSDÓTTIR

# Girnileg pönnusteikt bleikjuflök með mjúku möndlusmjöri

Þegar aflinn er veiddur er verkið hálfnað. Næst þarf að matreiða góðgætið á einhvern góðan hátt. Matarbloggarinn Anna Björk Eðvarðsdóttir gefur hér uppskrift að gómsætum pönnusteiktum bleikjuflökum. Nánar á annabjork.is.

## Pönnusteikt bleikjuflök með möndlusmjöri

fyrir 4

- ¼ bolli hveiti
- ½ tsk. salt
- ½ tsk. pipar
- 4 meðalstór bleikjuflök
- 2 msk. ólífuolía
- 100 g smjör
- ½ bolli möndluflögur
- 2 msk. sítrónusafi

Meðlæti: Franskar kartöflur, sítrónubátar, spínatlauf, kirsuberjatómatar

Ofninn hitaður og frönsku kartöflurnar steiktar skv. leiðbeiningum á pokanum.

Hveiti, salti og pipar er blandað saman á grunnan disk. Roðið á flökunum er skafið vel með bakinu á hníf og þeim síðan velt upp úr kryddaða hveitinu, umframhveiti er hrist vel af. Olían og þriðjungur af smjörinu er hitað á stórri pönnu og flökin steikt þar til þau eru gyllt og gegnsteikt, haldið heitum. Restin af smjörinu er brædd á pönnunni og möndlurnar steiktar gylltar, þá er sítrónusafanum hellt á pönnuna. Borið fram með frönskum kartöflum, spínatsalati og sítrónubátum.

# VELDU GÆÐI

## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FLUGUVEIÐIHJÓLUM




### NAUTILUS X
Sennilega langbestu kaupin
Verð frá 39.900 kr.




### NAUTILUS CCF
Mögnuð tvíhenduhjól
Verð frá 95.900 kr.




### LOOP EVOTEC
Allir þekkja Loop-gæði
Verð frá 56.900 kr.




### LOOP OPTI
Sjálfsagt besta hjólið í laxinn
Verð frá 64.900 kr.




### LOOP CLASSIC
Gamli skólinn
Verð frá 99.900 kr.




### EINARSSON PLUS
Íslensk framleiðsla á heimsmælikvarða
Verð frá 59.900 kr.




### ECHO ION OG ECHO BASE
Ódýr en áreiðanleg
Verð frá 7.300 kr.




### LOOP MULTI
Alvöru hjól á betra verði
Verð frá 31.900 kr.

Veiðiflugur

Veiðiflugur | Langholtsvegi 111 | 527-1060 | www.veidiflugur.is

# Laxá er mögnuð til veiða

## Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, var forfallinn bryggjudorgari á Ísafirði sem krakki. Veiðiáhuginn hefur ekkert minnkað með árunum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Bjarni fékk maríulaxinn í Laxá í Leirársveit aðeins 11 ára gamall. „Ég fór í veiðiferðir með afa á Ísafirði í Langadalsá. Ég fékk í fyrstu ekkert að veiða en man eftir að hafa séð hyl fullan af stórum löxum. Það var svo góð kona í Önundarfirði sem kenndi mér að veiða silung. „Í dag veiði ég jöfnum höndum silung og lax á flugu. Hvort tveggja er algjörlega ávanabindandi og fullkomin afþreying frá daglegu amstri," segir hann.

Bjarni veiðir eingöngu á stöng en lætur skotveiði eiga sig. „Ég hef ekki snert byssu í mörg ár. „Tók eiginlega skotveiðiáhugann út sem unglingur í fullkomnu óleyfi. Ég skil alveg þá sem skjóta en hef bara ekki tíma í það. En ég veiði stundum lunda mér til matar en hann er tekinn í háf."

### Ævintýralegar glímur

Norðurá er í miklu uppáhaldi hjá Bjarna og sömuleiðis Laxá í Þingeyjarsýslu frá upptökum til ósa. „Laxá er mögnuð hvort sem bráðin er urriði eða lax. Þurrfluguveiði á urriðasvæðum Laxár er líklega mest spennandi veiðiskapur sem hægt er að komast í á Íslandi. Þegar flugunni er kastað á laxasvæðinu í Aðaldal býst maður alltaf við þessum stóra og það geta verið ævintýralegar glímur sem enda ekki alltaf með sigri veiðimannsins. Ég nýti allan fisk sem ég veiði upp til agna. Villtur lax og silungur er kóngafæða. Ég gref mikið en svo nota ég hann einnig í sashimi eða ceviche. Og reyktur villtur lax er yfirleitt til á mínu heimili. Fyrsti laxinn er samt alltaf soðinn með lárviðarlaufi og borinn fram með nýju íslensku grænmeti, góðum kartöflum og bræddu smjöri."

### Óviðjafnanleg náttúra

Þegar Bjarni er spurður um uppáhaldsveiðihús, enda eru þau mörg glæsileg á landinu, svarar hann: „Veiðihúsið í Vökuholti í landi Laxamýrar við Laxá í Aðaldal. Útsýnið yfir ána og Mjósund er óviðjafnanlegt, fuglalífið í kring einstakt. Aðstaðan er líka frábær og hugvitssamlega útfærð herbergin rúmgóð og rúmin góð. Það fer alltaf fiðringur um veiðimenn þegar laxinn byrjar að ganga í árnar og talsverður spenningur að sjá hvað gerist þegar ár eru opnaðar. Ég reyni að komast sem oftast í veiði. Það er að vísu dýrt en ég sleppi utanlandsferðum í staðinn. Ég vil vera á Íslandi yfir sumartímann."

### Í baráttu með Frökkum

Bjarni hefur oft starfað sem leiðsögumaður fyrir erlenda veiðimenn. „Eitt sinn var ég með þrjá Frakka við veiðar í Norðurá. Aðeins einn þeirra hafði í raun áhuga á veiði. Hinir vildu bara horfa á og voru uppnumdir af náttúrunni við ána. Sá sem veiddi hafði komið tvisvar áður og hafði það orð á sér hjá reyndum leiðsögumönnum að vera með afbrigðum hvatvís og óþolinmóður. Hann setti í lax á góðum stað þar sem auðvelt var að landa og ég kenndi honum að þreyta laxinn rólega þangað til hann lægi í hliðinni. Hann tók leiðbeiningum mínum ágætlega. Eftir hádegishlé áttum við veiðistað á milli fossanna Glanna og Laxfoss og ég spurði hvort þeir vildu að ég sýndi þeim hvernig laxinn tæki fluguna Sunray Shadow en slíkar tökur geta verið mikið sjónarspil ef rétt er staðið að verki. Þeir vildu ólmir verða vitni að því og ég strippaði fluguna hratt yfir brotið og vænn lax hremmdi hana á stökki. Þeir klöppuðu fyrir leiðsögumanninum allir þrír og ég rétti þeim með veiðiáhugann stöngina og sagði honum að landa laxinum. Sneri mér síðan að hinum sem voru mjög „impóneraðir". Svo verður mér litið á Fransmanninn með stöngina og sé að flugustöngin er alveg komin í hring og laxinn eins þeytispjald í ánni nálægt bakkanum. Nú gerðist það samtímis að stöngin brotnaði og taumurinn slitnaði og laxinn synti sína leið nánast óþreyttur. „Ég hélt ég hefði sýnt þér hvernig á að þreyta lax," sagði ég við Frakkann. „Hvað gerðist?"

„It's like when I'm playing golf – I get overexited," muldraði hann skömmustulegur með hreimi eins og Peter Sellers í Bleika pardusnum," segir Bjarni og bætir við að hann telji að sumarið fram undan verði frábært.

„Það gæti orðið erfitt hér á Vesturlandi þar sem ár eru þegar vatnslitlar í byrjun veiðitímans. En laxinn kom snemma í ár og það virðist vera nóg af honum en stærstu göngurnar eiga samt eftir að koma. Að lokum fer allt eftir því hversu stórar þær verða."



Með fallegan urriða úr Laxá í Laxárdal.

# Fluguveiðivörur á betra verði

## Verslunin Veiðiflugur er flestum veiðimönnum kunn enda verið starfrækt um nokkurra ára skeið. Í sumarbyrjun var ný vefverslun opnuð, www.veidiflugur.is, sem hefur fengið góðar viðtökur.

Við erum sérhæfð fluguveiðiverslun og bjóðum allt sem þarf til fluguveiða, hvort heldur í lax eða silung. Hjá okkur er mikið úrval af stöngum, hjólum og línum, en ekki síður gott úrval af veiðifatnaði, vöðlum og skóm. Í maímánuði opnuðum við nýja vefverslun þar sem veiðimenn geta skoðað og keypt flestar okkar vörur. Allar pantanir eru póstlagðar samdægurs og sendum við frítt hvert á land sem er," segir Friðjón Mar Sveinbjörnsson, eigandi Veiðiflugna.

„Við leggjum höfuðáherslu á faglega og persónulega þjónustu, sanngjarna verðlagningu en ekki hvað síst vandaðar vörur. Meðal vörumerkja eru Loop, Patagonia, Guideline, Nautilus, Costa, Einarsson, Scierra og Korkers.

Loop er okkar stærsta einstaka vörumerki en það hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi síðustu 20-30 árin. Loop hefur í kjölfar efnahagshrunsins endurskipulagt innviði sína og er nú í mikilli sókn um allan heim, ekki hvað síst á Íslandi. Loop býður upp á mikið



úrval af veiðistöngum sem segja má að séu hannaðar fyrir íslenskar aðstæður. Stangirnar frá þeim eru í fremstu röð enda sést það best á eftirspurninni. Verð á veiðibúnaði hefur sjálfsagt aldrei verið lægra en til marks um það kostar nú nýjasta stöngin frá Loop aðeins 29.900 krónur," segir Friðjón.

Nánari upplýsingar er að finna á www.veidiflugur.is og á Facebooksíðu verslunarinnar.




Áhersla er lögð á faglega og persónulega þjónustu.

**Verslunin á Langholtsvegi 111 er opin:**
Mánudaga til föstudaga 09.00 – 18.00
Laugardaga 10.00 – 16.00
Sunnudaga 11.00-15.00
S: 527 1060

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16 Sunnud. kl 10-14

## Vision atom tvíhenda

13 feta tvíhenda, hjól, skotlína og hólkur .

**Fullt verð 64.900 kr**

**Tilboð 56.900 kr**



## Vision Atom 9 feta einhendu sett

Lína 6-7-eða 8 stöng, hjól, skotlína og hólkur

**Verð 39.900 kr**



## Vision Fisu 9 feta einhendu sett

Stöng, lína, hjól og hólkur

**Verð 29.900 kr**

## 7 feta krakka sett

**Verð 27.900 kr**



**Opið á sunnudögum 10-14 í allt sumar**

## Barnavöðlur

PVC barna og unglinga vöðlur

St. 21-35 - **7.900 kr**

St. 36-41 - **8.900 kr**



## Sætishlífar fyrir bílinn

Vatnsheldar og níðstekar sætishlífar fyrir bílinn þinn .

Passar á flestar gerðir bíla

**Verð 7.900 kr**



## Kaupauki !!

Stangarhaldarar á bílinn sogskál eða segull þú velur !

**Verð 9.900 kr**

Mistrall flökunarhnífur að verðmæti **2.900 kr**

Fylgir öllum höldurum



## Jaxon 4 og 5 laga öndunarvöðlur

Sterkustu og bestu öndunarvöðlurnar sem þú færð undir 30 þús kall !! punktur

**Verð 29 800 kr**



## Kaupauki. Barna veiðisett

6 feta stöng, hjól, lína.

**Verð 7.800 kr**

Öllum settum fylgir flottur veiðikassi að verðmæti **3.490 kr**



## Vision Ikon Zipp

3 og 6 laga öndunarvöðlur með rennilás .

Einar albestu öndunarvöðlurnar á markaðnum. 6 laga skálmar, rennilás, vasi, belti og vandaður sokkur gerir þetta að topp vöðlum

**Verð 49.900 kr**

Fáanlegar í víðum stærðum !



## Vision vöðlujakkar

Flottir jakkar með góða útöndun og góða vatnsheldni

**Verð frá 29.900 kr**



## Kaupauki ! Sage X er kominn í Veiðiportið

Flugulína að eigin vali fylgir öllum Sage stöngum



**veidiportid.is**

## Chota vöðluskór í dömu stærðum 35% afsláttur

St. 35-41

**Fullt verð 32.900 kr**

**Tilboð 21.400 kr**



# Leynivopn úr innsta hring

## Það er sannkölluð veiðivon með flugustöngum úr Veiðivon og flugurnar sérhannaðar til að freista laxa og silunga í íslenskum ám og vötnum.

Fyrst ber að nefna Loop Q-flugustöngina í Veiðivon.

„Þegar farið var af stað með hönnun á Loop Q-flugustönginni var markmiðið að hanna stöng sem gæti hentað bæði þeim sem eru nýir í fluguveiðinni sem og þeim sem lengra eru komnir,“ útskýrir Haukur Jóhannesson, eigandi verslunarinnar. Markmið framleiðenda var einnig að hanna stöng á samkeppnishæfu verði.

„Það er mál manna að einstaklega vel hafi tekist til. Stangirnar eru gráar að lit, með línuhringjum úr títaníum fyrir línuþyngdir 7 til 10, en hágæða, ryðfrítt stál er í stöngum fyrir línuþyngdir 4 til 6 og tvíhendunum.“

Handfang Loop Q-flugustanganna er unnið úr hágæða korki og útbúið punktum sem gera það auðveldara að fá stöngina í beina línu við samsetningu.

„Stöngin er létt og mismunandi vinnsla er í mismunandi línuþyngdum. Sem dæmi eru fjarkarnir miðlungshraðir en átturnar hraðar og verður vinnslan hraðari með meiri línuþyngdum. Við erum sannfærð um að hver sá sem prófar Loop Q muni falla fyrir þeim og hvetjum við alla til að koma og prófa,“ segir Haukur. Þess má geta að Loop Q kemur í hólki og kostar frá 29.900 krónum.

### Scott Flex flugustöng

Önnur ný gæðastöng í Veiðivon er á frábæru verði.



Haukur Jóhannesson er eigandi Veiðivonar. Hér heldur hann á glæsilegu úrvali flugna frá Atlantic Flies sem hafa slegið rækilega í gegn meðal íslenskra veiðimanna, enda sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður. MYNDIR/ANTON BRINK

„Það er stöngin Flex frá Scott sem er þekkt fyrir gæði á góðu verði. Þetta litla fjölskyldufyrirtæki í Montana í Bandaríkjunum hefur fengið fjölda verðlauna fyrir stangirnar sínar og eiga stangirnar sér marga aðdáendur,“ upplýsir Haukur.

Flex-stöngin hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum og þeim sem leita að góðri stöng á frábæru verði.

„Flex hentar vel fyrir íslenskar aðstæður þar sem hugmyndafræðin á bak við Scott Radian var heimfærð yfir á stöng sem væri ódýrari í framleiðslu og þar með ódýrari út úr búð,“ segir Haukur um Scott Flex sem kemur í hólki og kostar 59.990 krónur.

### Flugurnar frá Atlantic Flies

Í Veiðivon fást flugur frá Atlantic Flies en þær hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi.

„Flugurnar eru frábærlega hnýttar og endingin þar af leiðandi mikil. Ekkert er til sparað í efnisvali og krókum og viljum við sérstaklega vekja athygli á flugum sem eru hannaðar með veiðar í Laxá í Aðaldal í huga. Þær eru hnýttar á einstaklega sterka króka frá Ken Sawada, í þeim tilgangi að halda stórum löxum,“ segir Haukur og fullyrðir að óvíða sé meiri vöruþróun í gangi í flugum en hjá Atlantic Flies.

„Fyrirtækið er rekið af Íslendingnum Jóni Inga Ágústssyni sem fylgist sérstaklega með framleiðslunni og er í miklu og góðu samstarfi við íslenska veiði- og leiðsögumenn. Þannig fær hann fréttir af leynivopnum og skemmtilegum útfærslum á annars þekktum flugum og lætur fjöldaframleiða í verksmiðju sinni,“ upplýsir Haukur.

„Sjón er sögu ríkari og bjóðum við alla velkomna til okkar í Veiðivon að skoða það mikla úrval laxa- og silungaflugna sem við höfum upp á að bjóða.“

Veiðivon er í Mörkinni 6. Sjá nánar á veidivon.is.

# Reyna að hugsa eins og fiskur

## Matthías Þór Hákonarson segir kyrrðina sem hann upplifir í veiði jafnast á við góðan sálfræðitíma. Hann þarf ekki lengur að vera fyrsti maður út í og nýtur þess að leiðsegja fólki um íslenskar ár.

Ég var alltaf að veiða sem krakki og eftir að ég kynntist fluguveiði varð ekki aftur snúið. Það er kyrrðin og upplifunin sem heillar við veiðina. Maður einbeitir sér ekki að neinu öðru en ánni, flugunni og línunni og finnur ekki fyrir streitu. Ég þarf enga sálfræðitíma eða jóga, ég fer bara í veiði,“ segir Matthías Þór Hákonarson, veiðimaður og eigandi Iceland Fishing Guide.

Spurður um eftirlætis veiðistaði segir hann úr mörgu að velja. Það sé þó upplifunin frekar en staðsetning sem veiðimaðurinn eltist við.

„Maður er alltaf að reyna að komast í einhver ævintýri og upplifun. Mýrarkvísl er þó ofarlega á listanum, þar eru fjölbreytt veiðisvæði. Jöklusvæðið er líka afar spennandi og fáar ár sem toppa Jöklu í fegurð og veiði. Ég get ekki farið í gegnum sumarið án þess að fara í Jöklu og þá vil ég hafa konuna mína með mér, Rögnu Sif. Hún er líka forfallinn veiðimaður og fær alltaf bestu og flottustu laxana í Jöklu. Lykillinn að góðu hjónabandi er að eiga sameiginleg áhugamál, enda kemst fjölskyldan ekki hjá því að fara í veiði með mér. Þetta er veiðilíf,“ segir hann sposkur. Reyndar komi ekki alltaf fiskur á land og hann rifjar upp slysaleg handtök þegar fyrsti lax eiginkonunnar beit á það sumarið.

> **Ég hjálpa henni að landa og er að rétta henni fiskinn til þess að taka mynd, það þarf alltaf að taka mynd, en þá rennur hann úr greipum mér. Hún varð mjög reið, enda trúir enginn veiðisögum nema að sjá mynd.**

„Ég hafði skilið frúna eftir á veiðistað þar sem yfirleitt veiðist ekki mikið í. Þegar ég kom aftur var kengbogin stöngin hjá henni og ég hélt hún hefði fest í botni. Hún hélt nú ekki, það væri stærðar lax á. Ég hjálpa henni að landa og er að rétta henni fiskinn til þess að taka mynd, það þarf alltaf að taka mynd, en þá rennur hann úr greipum mér. Hún varð mjög reið, enda trúir enginn veiðisögum nema að sjá mynd,“ segir Matthías hlæjandi. Sem betur hafi þó stór lax náðst á land, og á mynd, stuttu síðar.



Matthías Þór og Rúna Sif á túnfiskveiðum við strendur Tenerife.

Matthías gerði áhugamál sitt að atvinnu fyrir nokkrum árum og leiðsegir veiðimönnum af öllum þjóðernum um íslenskar ár. Hann segir nauðsynlegt að hafa gaman af fólki í þessu starfi og getur ekki hugsað sér að gera neitt annað.

„Ég elska að hitta mismunandi fólk og það er yfirleitt alltaf skemmtilegt hjá okkur. Auðvitað gengur misvel að veiða og oft skemmtilegt að fá góða veiðimenn en það er líka gaman að sjá fólk vaxa frá því það byrjar og þar til ferðinni er lokið. Maður getur orðið stoltur að fylgjast með því,“ segir Matthías.

En er ekki erfitt að horfa á aðra veiða og mega ekki renna sjálfur fyrir fisk?

„Það finnst mér alls ekki. Ég nýt þess að leiðsegja fólki og sjá ánægjuna hjá því þegar það kemst yfir fiskinn. Það er fátt sem toppar það. Ég er búinn að veiða svo mikið um ævina og þarf ekki lengur að vera fyrstur út í. Mér finnst bara gaman að vera við ána, með vinum og í vinnunni.“

Hver er galdurinn á bak við góða veiði? „Það er gott að vita hvert á að fara og einnig að hafa nóg af svæðum því það er ekki gott að hanga á sama stað ef ekkert er að gerast. Breyta eitthvað til, prófa aðrar flugur og færa sig annað. Reyna að hugsa eins og fiskur.“



Veiðihúsin að Flúðaseli



Horft frá Kolbeinspolli niður gilið á 1. svæði.

# Fnjóská, krefjandi og skemmtileg á í fögru umhverfi



Þvergarðsbreiða á 3. svæði.

## Stangaveiðifélagið Flúðir á Akureyri er leigutaki Fnjóskár frá árinu 1969 og hefur í góðri samvinnu við bændur skipulagt ræktun og veiðar í ánni alla tíð síðan.

Þegar ekið er frá Akureyri um þjóðveg 1 og yfir Víkurskarð er komið í Fnjóskadal. Þar liðast Fnjóská um dalbotninn í einstaklega fögru umhverfi Fnjóskadalsins.

Fnjóská er vatnsmesta og lengsta dragá landsins, um 117 km. Áin á upptök í efstu drögum Bleiksmýrardals inni á Sprengisandi og fellur til sjávar í Eyjafjörð við prestsetrið Laufás og höfuðbýlið Nes í Höfðahverfi.

Mikil náttúrufegurð er í Fnjóskadal og umhverfi árinnar er víða stórbrotið og ægifagurt. Við efstu drög er hálendisgróður, en þegar komið er niður í Bleiksmýrardal eru hlíðar víða þaktar birkikjarri þar til komið er að hinum rómaða Vaglaskógi. Fnjóská liðast þaðan um dalinn með myndarleg bændabýli á báða vegu.

Þegar komið er út í nyrsta hluta Fnjóskadalsins fellur áin til vesturs um svo kallað Dalsmynni, þar sem hún hefur grafið sig niður í forn berglög dalsins og rennur þar í fossum um stórbrotið gljúfur.

Fnjóská er fiskgeng frá ósum inn í innstu drög Bleiksmýrardals. Lax gengur um 50 km frá sjó en sjóbleikjan fer enn lengra inn á Bleiksmýrardal og hliðardalina Timburvalladal og Hjaltadal. Einnig er þó nokkuð af staðbundnum urriða í ánni.

Lax- og silungsveiði hefur verið stunduð í Fnjóská frá fornu og þá aðallega í neðsta hluta árinnar. Stangveiði var lengst af lítið stunduð eða þar til enskur aðalsmaður, Fortescue, tók ána á leigu og sprengdi fiskveg um ófiskgenga fossana neðst

» **Mikil náttúrufegurð er í Fnjóskadal og umhverfi árinnar er víða stórbrotið og ægifagurt.**

í ánni og hóf fiskirækt henni. Hann stundaði stangveiðar fram að síðari heimsstyrjöld er hann hvarf af landi brott.

### Veiðin

Í Fnjóská veiðist lax, bleikja, urriði og stöku sjóbirtingur. Meðallaxveiði er um 500 laxar á ári hin síðari ár. Fnjóskárlaxinn er vænn og afar sterkur, þannig að oft verða veiðimenn að taka á öllu sínu í glímu við stórlaxa á fossasvæðinu í miklu vorvatni. Það svæði er sennilega eitt stórkostlegasta og mest krefjandi laxveiðisvæði á Íslandi. Efri svæðin einkennast hins vegar af stórum hægum breiðum, sem geta verið slyngum fluguveiðimönnum mikil áskorun.

### Veiðireglur

Veitt er í Fnjóská á fimm svæðum. Efst er tveggja stanga silungsveiðisvæði, en neðri hluti árinnar skiptist í fjögur lax- og silungsveiðisvæði, þar sem veitt er á tvær stangir á hverju svæði. Þar sem Fnjóskadalurinn er langur er mjög rúmt um veiðimenn á svæðum árinnar og endist veiðimönnum stundum ekki vaktin til að reyna alla staði hvers svæðis.

Leyfilegt agn á laxasvæðum er fluga og spúnn til 11. ágúst en síðan er eingöngu veitt á flugu allt til loka veiðitímans. Sleppa skal öllum laxi sem er stærri en 70 cm eða setja hann í klak. Veiðikvóti á hverri vakt miðast við tvo laxa minni en 70 cm og fjórar bleikjur. Eftir það er veiðimönnum heimilt að veiða og sleppa fiski.

### Aðstaða veiðimanna

Á síðasta ári voru tekin í notkun ný og afar glæsileg veiðihús við ána í landi Böðvarsness. Byggð voru fjögur hús, þar sem gisting er fyrir allt að 14 manns. Þrjú húsanna eru með tveimur tveggja manna gistiherbergjum, baðherbergi og eldhúsi og öllum búnaði, meðal annars útigrilli. Í fjórða húsinu er gisting fyrir tvo og aðgerðaraðstaða og frystir ásamt vöðlugeymslu.

Á lóðinni er einnig nýuppgert eldra hús, Flúðasel, með gistingu fyrir tvo ásamt fullbúnu eldhúsi, matsal og setustofu fyrir stærri hópa. Aðstaða er öll hin veglegasta og er sniðin bæði að þörfum þeirra veiðimanna sem vilja næði og einnig fyrir stærri hópa. Reiknað er með að veiðimenn sjái um sinn kost og búnað sjálfir, en möguleiki er á að fá fulla þjónustu með uppábúnum rúmum og mat ef þess er óskað. Útsýni er afar fagurt frá húsunum yfir Fnjóská og Fnjóskadalinn og er það einstök og hrein náttúruupplifun að dvelja þar við lax- og silungsveiðar í góðra vina hópi.

Veiðileyfi og frekari upplýsingar. www.fnjoska.is netfang: fludir@fnjoska.is



Kolbeinspollur, Brúarlagshylur og Hellan.



Ferjupollur á 2. svæði.

# Ánægjulegt að sleppa

## Heiðar Valur Bergmann veiddi maríulaxinn fyrir tæpum tíu árum. Hann dreymir um að eltast við steelhead í Bresku-Kólumbíu í Kanada.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



**Lax eða silungur?** Úff, ég veit ekki, lax er auðveldari og honum fylgir oft meiri glamúr. Silungurinn er fyrir lengra komna eins og pabbi gamli segir gjarnan.

**Sleppa eða halda?** Ég sleppi nánast öllum fiskum sem ég veiði. Ég tek stundum lax með heim handa afa eða ef ég er sérstaklega beðinn um það. En annars sleppi ég alltaf, og það er mjög ánægjulegt að gera það.

**Besta flugan?** Ef ég mætti velja aðeins eina flugu til að veiða með þá væri það Black Ghost, hún virkar í allt. Í laxinn er það Evening dress sem tengdapabbi minn, sá mikli öðlingur, kynnti fyrir mér. Í bleikju eða urriða þá er það Pheasant tail.

**Uppáhaldsveiðistaðurinn?** Af því sem ég hef farið standa Hofsá og Vatnsdalsá upp úr. Rennslið í þessum ám er nánast fullkomið. En líklega hef ég átt skemmtilegustu viðureignirnar á Breiðunni að norðan í Blöndu. Ég er reyndar að fara í sumar á Nes-svæðið í Laxá í Aðaldal og er mjög spenntur því að ég veit að það er ólýsanlegt að vera þar með veiðistöng.

**Draumaveiðiferðin?** Er að fara með þremur bestu veiðifélögunum í tvær vikur til Bresku-Kólumbíu í Kanada og eltast við steelhead. Veiða í Bulkley-ánni sem er oft sögð vera mekka fyrir þessa fiska sem geta orðið mjög stórir og eru fáránlega sterkir.

> **Fyrir mig er þetta hugleiðsla. Stundum syng ég hátt og snjallt og ótrúlega oft jólalög.**
>
> Heiðar Valur Bergmann

**Maríulaxinn?** Það var í ágúst 2008 í Þverá á Ströndum sem er lítil tveggja stanga á rétt áður en komið er til Hólmavíkur. Ég var þar með pabba og góðum vini og voru þeir með töluvert meiri reynslu en ég þar sem ég var nýbyrjaður að veiða. Ég er frekar neðarlega í ánni og er einn þá stundina þegar ég set í fyrsta skipti í lax. Flugan er 1" Rauður Frances. Ég veit ekkert hvað ég á að gera þar sem ég finn að laxinn leggst á botninn og hreyfir sig ekkert, var s.s. ekki að haga sér eins og bleikjurnar í Þingvallavatni því að það voru einu fiskarnir sem ég hafði á ævinni veitt á flugu. En ég byrja að toga af öllum krafti og þá fer laxinn af stað og stekkur og ég sá hann í fyrsta skipti, og sá var stór og bjartur. Í stuttu máli þá straujaði laxinn niður ána og ég stóð eins og stytta og horfði á línuna spólast út af hjólinu, laxinn sleit tauminn minn. Ég titraði og jafnaði mig fljótt og kastaði aftur út í hylinn og bamm aftur var lax á og ég náði að landa fallegri fjögurra punda hrygnu. Daginn eftir kom gamall heimamaður og náði einum 18 punda hæng með Rauðan Frances í kjaftinum.



Heiðar Valur ánægður með voldugan lax í Langá á Mýrum, á veiðistaðnum Neðri-Stangarhyl.

**Hvernig vöðlur notarðu?** Simms G4 pro.

**Ómissandi nesti?** Dökkar súkkulaðirúsínur og hnetur mixað saman. Svo drekk ég Grape gosdrykkinn – en bara í veiði.

**Hefurðu fengið eitthvað skrítið á öngulinn?** Ég hef veitt alls konar drasl, en líklega er það mús sem hafði drukknað.

**Um hvað hugsarðu meðan þú veiðir?** Allt og ekkert, fyrir mig er þetta hugleiðsla. Stundum syng ég hátt og snjallt og ótrúlega oft jólalög.

**Hvert fórstu síðast?** Ég var að koma úr smá ferð þar sem ég náði rétt að veiða í Svartá í Bárðardal og svo í Laxá í Laxárdal. Ég náði flottum urriðum í báðum ánum. Þeir eru rosalegir urriðarnir þarna fyrir norðan.

**Hvert ferðu næst?** Ég fer næst í Langá á Mýrum, þar finnst mér gott að vera.

> **Bulkley-áin er oft sögð vera mekka fyrir þessa fiska sem geta orðið mjög stórir og eru fáránlega sterkir.**

## Veiddir þú eldislax eða regnbogasilung?

**Hvernig þekkja má strokufiska úr eldi.** Strokulaxa úr eldi má þekkja á einum eða fleirum eftirfarandi einkenna: skemmdir á uggum og sporði, eyddum tálknbörðum, lögun trjónu og kubbslegum vexti. Regnbogasilungar geta haft svipuð einkenni og eldislaxar en eru jafnan enn kubbslegri, doppóttari á búk og sporði og hafa rauðleita slikju eftir endilöngum búknum. Allur regnbogasilungur á Íslandi er úr eldi.

**Villtur lax**




**Eldislax**




### Viðbrögð

Ef grunur leikur á að veiðst hafi eldislax eða regnbogasilungur skal tilkynna það strax til Fiskistofu eða Hafrannsóknastofnunar.

Gefa skal upp veiðistað, dagsetningu, tegund, kyn, lengd og þyngd.

Æskilegt er að koma fiski til Fiskistofu eða Hafrannsóknastofnunar til greiningar, ferskum eða frosnum. Uppruni fiska er þá metinn út frá útliti eða erfðasamsetningu.

Ef ekki er unnt að verða við því má senda hreistursýni til greiningar. Skafa skal u.þ.b. 20 hreistur af svæðinu sem sýnt er á mynd að ofan og setja í hreisturpoka (eða í annað pappírsumslag). Nota skal hreinan hníf við hreisturtökuna. Senda skal ljósmynd af fiski í tölvupósti.



Regnbogasilungur

FISKISTOFA
Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði
S: 569-7900, fiskistofa@fiskistofa.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
Skúlagötu 4, 121 Reykjavík
S: 575-2000, hafogvatn@hafogvatn.is

**Toyota Kauptúni**


TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2011, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ásett 2.190.00 Betra verð 1.950.000. Rnr.440469.


TOYOTA Aygo mm. Árgerð 2007, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 499.000. Rnr.410461.


TOYOTA Yaris h/b terra. Árgerð 2010, ekinn 87 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.410467


TOYOTA Hilux d/c sr. Árgerð 2007, ekinn 219 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.410465.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is


**AÐALSBORINN ÚTILEGUMAÐ**
'17 FORD NOBEL T7000 ELEGANCE. NÝR BÍLL, DÍSEL, BEINSK 6 GÍRA.... FINNUR ÞAÐ EKKI BETRA!!! ÁSETT 11.880 ÞÚS. #472103. S: 580 8900.


**ÓNOTAÐ EÐALHÝSI!!!**
'14 TABBERT PUCCINI 495 W28. MARKÍSA, SÓLARSELL, TV, AÐSKILIN RÚM & ÁLFELGUR. #104025. S: 580 8900


**PARTÍRÚTAN!!!**
'08 NISSAN PRIMASTAR 9 MANNA. EK 225Þ, DÍSEL, BEINSK....100% LÁN Í BOÐI!!! #471617. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN


M.BENZ C 220d AVANTGARDE nýskr. 09/2015, ekinn aðeins 8 Þ.km, dísel (170 hö), sjálfskiptur (7 gíra). Verð 5.999.000 kr. Skipti skoðuð! Raðnr. 255217 á BILO.is


M.BENZ CLA 180 AMG Árg. 2016, ekinn 35 Þ.km, bensín, sjálfskiptur (7 gíra). Virkilega fallegur og töff bíll! Verð 5.390.000 kr. Skipti á ódýrari skoðuð! Raðnr. 255798 á BILO.is


CAN-AM MAVERICK XMR1000R 08/2014, ek. aðeins 1 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000 kr. Raðnr. 256547 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

SUZUKI


Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu


Volvo XC60 Summum 4/2015 ek. 32 þús. Brúnn, tvílitt leður, tvöf. dekkjagangur. Verð 6,2 m.kr. Uppl. sími 895-4505.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fellihýsi




## Tjaldvagnar


Til sölu Combi Camp Valley Árg "12 blár og hvítur með fortj, eldh og hliðarkálfi. Verð 1450 Þús. Uppl í S. 892 2333 Jón.

## Bátar

**VEIÐIBÆNDUR**
Þjórsá, Ölfusá, Hvítá laxanetin tilbúin. heimavik ehf. S 892 8655 www.heimavik.is




## Hjólbarðar

VAKA


**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 / 552 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**ÞAKVIÐGERÐIR APS VERKTAKI EHF**
Þaklekar eru því miður alltof algengir í íslenskum húsum. Við tökum að okkur öll verkefni sem snúa að þakviðgerðum. Gsm.841 7601

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu


**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




## Tilkynningar

Hörgársveit

***Lónsbakki í Hörgársveit tillaga að deiliskipulagi***

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði að Lónsbakka skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Skipulagssvæðið afmarkast af landamörkum Bitrugerðis og Hraukbæjar til vesturs, landamörkum Hraukbæjarkots til norðurs, landamörkum Dvergasteins og Ytra-Krossaness til austurs og farvegi Lónsár

til suðurs. Svæðið er samtals 26,9 ha.
Tillagan mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 23. júní 2017 til og með 4. ágúst 2017. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu Hörgársveitar á www.horgarsveit.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér tillöguna og gera athugasemd við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins, Skólatröð 9, 601 Akureyri, eða á netfangið vigfus@sbe.is í síðasta lagi þann 4. ágúst 2017.

*f.h. Hörgársveitar*
*Vigfús Björnsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*

## Skemmtanir



## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**




## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**HJÁLP!!!**

Ungt par með árs gamalt barn vantar litla íbúð strax, öruggar greiðslur. Uppl í S. 692 3216

**HÚSNÆÐI ÓSKAST Í SUMAR Í HAFNARFIRÐI**

Húsnæði óskast í júlí og ágúst í Hafnarfirði, 3 svefnherbergi. Vinsamlegast hafið samband við Tómas í brattahlid.accounting@gmail.com eða í s. 8472596

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



**GEFÐU HÆNU**

gjofsemgefur.is

**907 2003**

Hjálparstarf kirkjunnar

## Atvinna

## Atvinna í boði

**SMIÐUR ÓSKAST**

Okkur vantar reynslumikinn smið sem getur unnið sjálfstætt, er hraustur og á auðvelt með að vinna með öðrum. Við sinnum fjölbreyttum viðhaldsstörfum og trésmíðavinnu á Reykjavíkursvæðinu fyrir trausta aðila.

**Nánari upplýsingar veitir Daníel í síma 8-59-59-00 Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið husihus@husihus.is**




**OPIÐ HÚS**

**föstudaginn 23.júní kl.12:30-13:00**



**Helgi Jónsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Um er að ræða 166,7 fm 10 herbergja íbúð á 2 hæðum ásamt risi og 32 fm bílskúr sem innréttaður er sem studioíbúð, samtals : 198,7 fm. Íbúðin er í herbergja leigu en bílskúrinn er í skammtímaleigu. Yfirstandandi framkvæmdir við húsið að utan greiðast af seljanda.

Verð: **79,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi Einhellu 6, 2. áfangi Hellnahrauni

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 21.02.2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna að Einhellu 6 í samræmi við 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í því að byggingarreitur á lóð er fækkað úr tveimur í einn. Hámarks byggingarmagn verður 1500m² í stað 2600m². Gert er ráð fyrir athafnarsvæði á hluta lóðarinnar. Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulags skilmála. Tillögurnar verða til sýnis í Þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 22.06.2017 – 03.08.2017.

Einnig er hægt að skoða tillögurnar á **hafnarfjordur.is**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 3. ágúst 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

**TRAUSTI** fasteignasala

**VIÐ ERUM TRAUSTI**



**Kristján Baldursson** hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari. S: 867-3040

**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir** Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. S: 779-1929

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir** Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari. S: 899-5949

**Hákon Guðmundsson** Aðstoðarmaður fasteignasala. S: 861-9240

**Einar P. Pálsson** löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali S: 857-8392

**Guðbjörg Matthíasdóttir.** hdl. Sölufulltrúi. Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. S: 899-3984

**Sólveig Regína Biard** Aðstoðarmaður fasteignasala S: 869-4879

**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir** Sölufulltrúi. Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. S: 616-8985

**Bára Daníelsdóttir** Skrifstofustjóri S: 693-1837

**Gylfi Jens Gylfason** hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. S: 822-5124

**Garðar Kjartansson** Aðstoðarmaður fasteignasala S: 853-9779

## EFSTALEITI 14, ÍBÚÐ 107




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 27.JÚNÍ KL.17:30-18:00**

Glæsileg, falleg og mjög rúmgóð 132,6fm. íbúð með tveimur inngöngum á 1. hæð með sérafnotarétt af lóð í lyftuhúsi ásamt sérstæði í lokaðri bílageymslu í glæsilegu fjölbýli við Efstaleiti 14 í næsta nágrenni við Kringluna. Glæsileg sameign með sundlaug, heitum pottum, gufubaði, líkamsrækt, veislusal og fl. Húsvörður er í húsinu og sér um rekstur sameignar. Eignin er laus og tilbúin til afhendingar við kaupsamning. Stærð: 133 fm. **Verð 59.9 millj.**

## SJÁVARGRUND 8, 210 GARÐABÆ




**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 24 JÚNÍ KL. 14:00 – 14:30.**

Mjög gott raðhús á góðum stað í 210 Garðabæ.
Eignin er með 4 svefnherbergi, aukaherbergi í kjallara, borðstofu eldhúsi, stofu, tvö baðherbergi, geymslu og bílastæði í bílakjallara.
Eignin er á 3 hæðum og innan gegnt í bílageymslu úr íbúðinni.
Stærð 191 fm. **verð 64.900.000**

## SUÐURGATA 6 - 580 SIGLUFJÖRÐUR




**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 24.JÚNÍ KL. 13:30 – 14:30**

Reisulegt hús við aðalgötu bæjarins á Siglufirði. Vel til haldið verslunar- og íbúðarhús á þremur hæðum. Þrjú verslunarrými, bílskúr og tvær íbúðir. Húsið er skráð 465 fm. Gólfflötur er töluvert meiri, þar sem hluti eignar í risi er undir súð. Eign sem býður upp á mikla möguleika. Góðar leigutekjur eru af húsinu í dag og möguleiki á auknum leigutekjum. **Verð: Tilboð**

## SUÐURGATA 24A – 580 SIGLUFJÖRÐUR




**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 24.JÚNÍ KL. 12:00 – 13:00**

Fallegt tvíbýlishús á þremur hæðum á Siglufirði með útsýni yfir fjörðinn. Tvær íbúðir eru í húsinu, hægt að kaupa íbúðirnar saman eða í sitt hvoru lagi. Önnur er skráð 48 fm. hin er skráð 78,8 fm. Húsið hefur fengið gott viðhald. Frábær staðsetning rétt við miðbæinn og í göngufæri við höfnina.
**Verð: 9,5 millj. og 14,5 millj.**

**Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík**



iPhone 5S
29.900,-
REFURBISHED
MOTOROLA
TLKR™ T80 EXTREME
Walkie-Talkies
18.900,-
Galaxy S8
99.900,-
Galaxy S8+
114.900,-
Gerir þú verðsamanburð ?
LG G6
89.900,-
FullVision
LG G5 SE
life's good when you play more
49.900,-
Krókháls 5c – Sími 546-9000
emobi.is
Opið 10-17 virka daga
Pósturinn
Sendum frítt
bara gott verð

## Merkisatburðir

**1439** Eiríkur af Pommern er settur af embætti í Danmörku.

**1787** Eftir rannsókn á embættisfærslu Skúla Magnússonar landfógeta úrskurðar kansellíið í Kaupmannahöfn að hann fái að halda embætti.

**1893** Karl Danaprins, sonarsonur Danakonungs, kemur til Íslands á snekkjunni Dagmar með sveit sjóliðsforingjaefna. Hann varð síðar konungur Noregs og tók sér nafnið Hákon 7.

**1923** Hnitbjörg, listasafn Einars Jónssonar, er opnað á Skólavörðuholti í Reykjavík.

**1925** Skáksamband Íslands er stofnað.

**1926** Varðskipið Óðinn, sem ríkisstjórn Íslands lét smíða, kemur til Reykjavíkur. Óðinn var gufuknúinn og vopnaður tveimur 57 mm fallbyssum.

**1926** Jón Magnússon forsætisráðherra, sem er í för með konungshjónunum um Norðurland og Austurland, deyr á Norðfirði.

**1930** Í skála á baklóð Alþingishússins er opnuð listsýning með um 250 málverkum eftir 16 listamenn í tilefni af Alþingishátíðinni, sem hófst 26. júní.

**1946** Skíðasamband Íslands er stofnað.

**1967** Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, kemur í opinbera heimsókn til Íslands. Tveimur árum síðar verður hann kanslari.

**1968** Keflavíkurganga á vegum hernámsandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

**1977** Í Þjórsárdal er formlega opnaður sögualdarbær, sem reistur var í líkingu við bæinn á Stöng, í tilefni ellefu alda byggðar norrænna manna á Íslandi.

**1996** Leikjatölvan Nintendo 64 kemur fyrst út í Japan.



Í First Lego League keppninni er notast við róbóta úr Mindstorms línunni frá Lego.

# Verðandi verkfræðingar hlutu hvatningarverðlaun

**Sigurvegarar First Lego League keppninnar í fyrra hlutu Hvatningarverðlaun Reykjanesbæjar 2017 á dögunum en hópurinn er skipaður krökkum úr 7. bekk Myllubakkaskóla. Krökkunum gekk líka vel í úrslitakeppninni í Skandinavíu þar sem þeir höfnuðu í tíunda sæti.**

Þetta er tækni- og hönnunarkeppni fyrir nemendur 12 til 17 ára haldin af Háskóla Íslands og fleirum. Þetta er liðakeppni þar sem grunnskólar skrá sig til keppni með forritanlegan Lego róbót. Þetta eru sem sagt vélmenni sem þú kaupir og setur saman og svo þurfa krakkarnir að nota iPad eða tölvu til að forrita hann til að leysa ákveðin verkefni sem eru fyrirfram gefin. Þetta er sama fyrirkomulag og braut um allan heim. Við fáum brautina senda og þurfum að setja hana saman á ákveðnu borði og svo tekur margar vikur að finna út hvernig þú átt að leysa þessar þrautir,“ segir Íris Dröfn Halldórsdóttir, kennari í Myllubakkaskóla, um hvað í ósköpunum First Lego League er eiginlega.

Hún og liðið hennar úr Myllubakkaskóla, krakkar úr 7. bekk, kepptu í First Lego League í nóvember síðastliðnum í Háskóla Íslands. Hópurinn vann og þau hlutu fyrir vikið þátttökurétt í úrslitakeppni First Lego League Scandinavia sem var haldin í Bodo í Noregi í desember. Þar höfnuðu krakkarnir í tíunda sæti – en í keppninni kepptu 47 önnur lið. En róbótabyggingin var aðeins einn liður keppninnar.

> Þetta var mjög gaman, sérstaklega þar sem við höfðum aldrei gert þetta áður.

„Keppnin er í þremur liðum – einn liðurinn er rannsóknarverkefni og í ár var það samskipti manna og dýra. Þar þarf að kynna sér málið og koma með lausn á ákveðnu vandamáli – síðan þarf að kynna það fyrir dómnefnd. Við ákváðum að flytja verkefnið syngjandi; krakkarnir sungu fyrir dómnefndina. Þriðji liðurinn er í hópefli þar sem keppt er í samheldni liðanna. Síðan þarf að hitta dómarana og sýna og kynna róbótanna – hvernig þau forrituðu og hvernig hann virkar.“

Hópnum gekk ótrúlega vel þrátt fyrir nokkur skakkaföll og lítinn fyrirvara.

„Það var þriggja vikna fyrirvari sem við höfðum og öll keppnin fer fram á Skandinavíutungumálum – krakkarnir voru náttúrulega í 7. bekk og bara nýbyrjuð að læra dönsku þannig að þau þurftu að beita enskunni. Það þurfti að tala nokkuð fræðilega ensku en þau æfðu sig rosalega vel. Það bættist líka einn liður við sem var markaðssetning – þar þurfti að vera með bás og að kynna verkefnið. En aðaláherslan hjá okkur var á að keppa í róbótanum og að vinna þá keppni – það var þar sem við enduðum í tíunda sæti. Þetta var mjög gaman, sérstaklega þar sem við höfðum aldrei gert þetta áður.“

Það munaði minnstu að hópurinn myndi ekki ná að taka þátt í keppninni vegna tæknilegra vandamála við Lego vélmennið.

„Það gekk ekki allt eins og skyldi. Róbótinn sem við keyptum var alltaf að stríða okkur, en við vorum ekki viss hvort að það væri út af því að við kynnum ekki almennilega á hann eða það væri eitthvað að honum. Daginn fyrir keppni vorum við búin að forrita og forrita en hann beygði bara út í kant og lét mjög illa – þannig að við hringdum í keppnishaldara og þeir buðust til að lána okkur nýjan undirvagn á róbótann. Við mættum klukkan átta um morguninn á keppnisdegi og rifum róbótann okkar í sundur og byggðum hann upp á nýtt. Fólk hélt að við værum klikkuð með róbótann þarna í tætlum korter í keppni. En svo gekk þetta mjög vel eftir það.“

**stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Okkar ástkæri
**Þórarinn Vilbergsson**
byggingameistari,
Laugarvegi 13, Siglufirði,

verður jarðsunginn frá
Siglufjarðarkirkju laugardaginn
24. júní kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jósefína Benediktsdóttir Þorsteinn Jóhannsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,
**Guðmundur Skjöldur Pálsson**
Akraseli 23,

er látinn.
Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin á Íslandi. Þökkum auðsýnda samúð og virðingu.

**Elín Þrúður Theodórs**
**Linda Björk Guðmundsdóttir og Sigurður Ó. Blöndal**
**Páll Ásgeir Guðmundsson og Elsa Nielsen**
**og barnabörn.**

---

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Hörður Magnússon**

lést á dvalarheimilinu Ási 11. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalarheimilisins Áss, Hveragerði, fyrir góða umönnun.

**Hjördís Elinórsdóttir**
**Kristinn Guðbrandur Harðarson Helga Hansdóttir**
**Ragnhildur Hanna Harðardóttir Kári Helgason**
**Theodór, Hörður, Brynjar, Elvar og Dagur**
**barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Thorleif K. Jóhannsson**
Mýrarvegi 111, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 15. júní.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri.

**Kolbrún Jónsdóttir**
